



Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi

höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða



Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi

höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða

Jónína Einarsdóttir
Sesselja Th. Ólafsdóttir
Geir Gunnlaugsson

Miðstöð heilsuverndar barna
Umboðsmaður barna

Reykjavík 2004

Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi:
höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða

ISBN 9979-9668-0-7

©2004 Miðstöð heilsuverndar barna og umboðsmaður barna

Umbrot: Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir

Yfirferð á texta: Margrét Pálsdóttir

Útlitshönnun kápu: P & Ó Auglýsingastofa

Teikningar: Halldór Pétursson

Prentun: Gutenberg

Ábyrgðarmaður: Geir Gunnlaugsson

Miðstöð heilsuverndar barna

Barónsstíg 47

101 Reykjavík

Sími: 585 1350

Bréfasími: 585 1370

Netfang: barnapostur@hr.is

Umboðsmaður barna

Laugavegi 13

101 Reykjavík

Sími: 552 8999

Bréfasími: 552 8966

Netfang: ub@barn.is

Þessa bók má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Ný vögguvísa

*Farðu í að sofa, blessað barnið smáa,
brúkaðu ekki minnsta fjandans þrá.
Haltu kjafti! Hlýddu í og vertu góður!
Heiðra skaltu föður þinn og móður.*

Káinn (Kristján N. Júlíus)
(1859-1936)

EFNISYFIRLIT

Aðfaraorð umboðsmanns barna	ix
INNGANGUR	1
Uppeldi, refsingar, ofbeldi	1
Löggjöf um líkamlegar refsingar	3
Öflun heimilda	4
BÖRN FYRR Á ÖLDUM	7
Börn á tímum Íslendinga sagna	9
Útburður barna og barnamorð	12
Útflutningur barna á 15. og 16. öld	14
Erfið líf skjör 18. og 19. aldar	15
Húsagatilskipun	15
Barnavinna	18
Barnadauði	19
Fósturbörn, ómagar og niðursetningar	21
STAÐA BARNA Á 20. ÖLD	23
Nýjar hugmyndir um uppeldi barna	23
Ábyrgð samfélagsins	24
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	25
Barnaverndarlög	25
Barnalögin	26
Umboðsmaður barna	27
Heimilisofbeldi gegn börnum	28
Eru börn beitt ofbeldi á Íslandi?	29
Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu	31
Tilkynningarskylda almennings og fagfólks	32
Andlegt og líkamlegt ofbeldi	35
Orsakir ofbeldis	37
Hverjir beita börn ofbeldi?	40
Afleiðingar ofbeldis	42

AGI OG UPPELDI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR	43
Flengingar	43
Grýla	45
Forvarnir	46
LOKAORÐ	51
NEÐANMÁLSGREINAR	57
Inngangur	57
Börn fyrr á öldum	59
Staða barna á 20. öld	61
Agi og uppeldi við upphaf 21. aldar	64
Lokaorð	65
HEIMILDASKRÁ	67
ATRÍÐISORÐASKRÁ	81



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Aðfaraorð

Allt frá árinu 1999 hef ég bent á nauðsyn þess að hér á landi verði gerð rannsókn á umfangi og eðli heimilisofbeldis gagnvart börnum, kannað verði hvaða úrræði standi þessum börnum til boða og hvort einhverjar réttarúrbætur séu nauðsynlegar þeim til verndar, í samræmi við 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar eð þessi ábending mín fékk ekki þann hljómgrunn sem ég vænti hjá stjórnvöldum, ákvað ég á árinu 2003 að boða til funda með fulltrúum hinna ýmsu starfsstétta heilbrigðisþjónustunnar. Þetta gerði ég ekki síst í ljósi þess að fyrir liggur að hlutfallslega fáar tilkynningar berast frá þeim til barnaverndarnefnda, sbr. 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002. Markmið mitt með þessum fundahöldum var að fá fram mat þeirra á stöðu þessara mála hér á landi og hvort og þá hverra aðgerða væri þörf til að bæta ástandið.

Margt fróðlegt kom fram á þessum fjölmörgu fundum en segja má að niðurstöður þeirra hafi styrkt enn frekar þá afdráttarlausu skoðun mína að brýnt sé að gera hér á landi rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum m.a. með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga, sbr. áður nefnda 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýmæli í 2. málsgrein 28. greinar barnalaga, nr. 76/2003. Það var mér því sérstakt fagnaðarefni að samvinna tókst með embætti mínu og þeim dr. Geir Gunnlaugssyni, yfirlækni á Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík, og dr. Jónínu Einarsdóttur mannfræðingi, um að hefja forkönnun til undirbúnings þessa mjög svo brýna rannsóknarverkefnis.

Leitað var til fimm ráðuneyta um fjárstyrk vegna forkönnunarinnar, þ. e. forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Öll tóku þau málaleitan vel og veittu fjárstyrki til að leysa framangreint verk af hendi og gefa það út. Sesselja Theodórs Ólafsdóttir mannfræðingur, MA, var starfsmaður verkefnisins í fimm mánuði fram til áramóta 2003. Við framkvæmd þess lögðu Heilsugæslan í Reykjavík og nágrenni og Miðstöð heilsuverndar barna fram vinnuástöðu og önnuðust aðra umsýslu.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka kærlega öllum þeim einstaklingum, stofnunum og ráðuneytum, sem gerðu okkur kleift að ráðast í þetta verk og gefa það út. Einnig ber að þakka Hildigunni Ólafsdóttur afbrotufræðingi og Margréti Pálsdóttur málfræðingi fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Bók þessi verður vonandi uppspretta málefnalegra umræðna og ekki síður sýnilegra aðgerða af hálfu hins opinbera, m.a. hvatning til frekari rannsókna á heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi.

Á Jónsmessu 2004

Þórhildur Líndal

INNGANGUR

Ofbeldi af margs konar toga hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Einna alvarlegast er ofbeldi sem beinist að börnum sem geta ekki varið sig. Þó svo að almennt sé viðurkennt að börn eigi rétt á vernd gegn ofbeldi eru skoðanir skiptar um hvað sé gott uppeldi og hvaða refsingar séu viðeigandi. Þótt hugmyndir um ofbeldi séu menningarbundnar sýna rannsóknir að hægt er að vinna gegn því. Þá er nauðsynlegt að við þekkjum sögu okkar, hugmyndir okkar um börn og uppeldi og vitum hvaða uppeldisaðferðum er beitt.

Markmið þessarar bókar er að skoða heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi. Ofbeldi gegn börnum og refsingum sem þau eru beitt er lýst frá upphafi Íslandsbyggðar og gerð grein fyrir umræðu fræðimanna, fagfólks og annarra um viðfangsefnið. Þá eru helstu niðurstöður rannsókna á heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi kynntar.

Sumir fræðimenn nota hugtakið heimilisofbeldi aðeins um ofbeldi gegn konum þar sem gerendur eru karlmenn en börnin vitni í sumum tilvikum.¹ Hér vísar hugtakið heimilisofbeldi gegn börnum til þess ofbeldis sem börn verða fyrir af hálfu foreldra eða annars heimilisfólks. Slíkt ofbeldi á sér oftast stað innan veggja heimilisins en ekki alltaf. Það er bæði sýnilegt og ósýnilegt og hefur verið flokkað í andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi, auk vanrækslu.² Í þessari bók er fyrst og fremst til umfjöllunar andlegt og líkamlegt ofbeldi. Ekki verður fjallað um vanrækslu eða kynferðislegt ofbeldi. Höfundar telja engu að síður að slíkt ofbeldi sé alvarlegt og þarfnist sérstakrar athugunar.

Uppeldi, refsingar, ofbeldi

Oft gætir misræmis meðal fagfólks, fræðimanna og almennings um hvaða atferli beri að flokka sem andlegt eða líkamlegt ofbeldi gegn börnum, enda erfitt að skilgreina þessi hugtök. Skil refsinga í uppeldisskyni og heimilisofbeldis eru t.d. ekki alltaf ljós. Hvenær telst refsing sem barn er beitt vera ofbeldisfull? Það auðveldar ekki málið að það er sami aðilinn sem beitir ofbeldinu og fullnægir refsingunni. Þetta er andstætt því sem gerist úti í samfélaginu. Þar sér réttarkerfið um að refsa þeim sem hegðar sér á ofbeldisfullan hátt.

2 INNGANGUR

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO) um ofbeldi og áhrif þess á heilbrigði er lögð áhersla á að skilgreiningar á hugtakinu ofbeldi séu menningarbundnar (Krug o.fl. 2002:59-60). Þær geta til dæmis beinst að verknaðinum sjálfum eða afleiðingum hans og lögð er áhersla á að ofbeldi eigi sér eingöngu stað þegar barn verður fyrir skaða eða að hætta sé á skaða. Í skýrslu nefndar félagsmálaráðuneytis frá árinu 1993 er ofbeldi skilgreint sem „sérhver beiting á valdi til að hindra aðra í að breyta, hugsa eða finna til eins og þeir kjósa sjálfir og að þvinga aðra til að aðhafast eitthvað gegn vilja sínum“ (Félagsmálaráðuneytið 1993:16). Sálfræðingarnir Sæmundur Hafsteinsson og Jóhann Ingi Gunnarsson (1995) líta einnig á ofbeldi sem valdbeitingu, þar sem virðing fyrir þólandanum er ekki til staðar. Þegar ofbeldi er skilgreint sem valdbeiting eða ofríki er gengið út frá því að gerandinn hafi stjórn á athöfnum sínum.³ Til að skilja heimilisofbeldi gegn börnum er því mikilvægt að skilja stöðu barnsins innan fjölskyldunnar.

Augljóslega getur ofbeldi gegn barni átt sér stað án þess að um refsingu sé að ræða. Dæmi um það er ofbeldi af hálfu foreldra eða aðstandenda sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Það er líka ljóst að refsingar eða viðurlög geta falið í sér andlegt og líkamlegt ofbeldi og geta valdið barninu skaða. Sumir telja reyndar að refsing feli ætíð í sér ofbeldi, þar sem hún sé í eðli sínu valdbeiting. Það er þó hægt að segja að refsing eða viðurlög séu ákveðin valdbeiting sem gerandinn beiti viljandi og með fullri yfirsýn en þarf ekki endilega að fela í sér ofbeldi (Sæmundur Hafsteinsson og Jóhann Ingi Gunnarsson 1995).

Beiting refsinga eða viðurlaga hefur löngum verið talin heppileg uppeldis- aðferð eða ögunarleidd sem ætlað er að hafi bæði jákvæð og neikvæð áhrif á barnið (Sólveig Ásgrímsdóttir 1990, 1991). Algengt er að að kenna barni ákveðna hegðun með því að svipta það athygli eða fjarlægja frá því einhvern hlut eða munað tímabundið (Christophersen og Mortweed 2004, Clark 2000, Phelan 2002). Refsingar geta því t.d. falið í sér að leyfa barninu ekki að horfa á sjónvarp eða senda það í skammarkrókinn. Vandamálið með skammarkrókinn er helst það að hann hefur oft verið ógnvekjandi og því hrætt börn (Hörður Þorgilsson og Jakob Smári 1993:67-106). Þá er líka hægt að refsa barni, sem brýtur af sér eða sýnir óheppilega hegðun, með kinnhesti eða flengingu, svo dæmi séu tekin, en árangur slíkra refsinga er umdeildur (Larsen og Tentis 2003). Norski sálfræðingurinn Erik Larsen telur rannsóknir sýna að refsingar séu ekki árangursrík leið til að breyta hegðun barns („Foreldrar líti í eigin barm“ 2002).

Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir (1993) telja að ekki sé mikið um líkamlegar refsingar á Íslandi nú til dags en nöldur og skammir séu þeim mun algengari. Þau segja:

„Oft eru refsingar foreldra of harkalegar vegna þess að þeir beita þeim ekki fyrr en þeir eru orðnir bálreiðir. Þá hefur reiðin kraumað í þeim, stundum í langan tíma og þeir sitja alltaf á sér þangað til þeir missa alveg þolinmæðina og um leið stjórn á eigin hegðun. Refsing verður þá of harkaleg, særir barnið fremur en að kenna því og dregur mátt úr foreldrinu fremur en að veita því stjórn á aðstæðum“ (1993:97).

Í bókinni *Uppeldisbókin: að byggja upp færni til framtíðar*, leggja höfundar áherslu á að foreldrar og aðrir uppalendur veiti æskilegri hegðun jákvæða athygli og forðist viðurlög eða refsingar (Christophersen og Mortweed 2004). Viðurlög eru þó talin eiga rétt á sér við ákveðnar aðstæður. Foreldrum er m.a. leiðbeint um hvenær og þá á hvern hátt beita megi viðurlögum, t.d. með einvíst eða afnámi forréttinda.⁴ Aftur á móti er varað við líkamlegum refsingum vegna þess skaða sem þær valda barninu. Auk þess er talið að þær séu ekki árangursrík leið til að kenna barni æskilega hegðun. Í bókinni eru einnig leiðbeiningar um á hvern hátt foreldrar og börn geta tekist á við reiði, en hún er oft undanfari ofbeldis.

Löggjöf um líkamlegar refsingar

Langflestir eru sammála um að það sé rangt að beita börn ofbeldi. Skoðanir verða hins vegar skiptar þegar spurningin beinist að því hvort tiltekin refsing sé ofbeldisfull. Í nýlegum tillögum frá vinnuhópi á vegum Evrópusambandsins um heilsu barna er lagt til að m.a. verði fylgst með því hvort líkamlegar refsingar á börnum séu bannaðar með lögum í löndum Evrópusambandsins og innan evrópska efnahagssvæðisins (Rigby o.fl. 2003, Rigby og Köhler 2002). Þessi tillaga var sú eina af samtals 38 tillögum um þætti sem hafa áhrif á heilsu barna sem ekki fékkst niðurstaða um án atkvæðagreiðslu í vinnuhópnum.⁵ Töldu sumir nefndarmenn að ekki væri eðlilegt að skilgreina refsingar svo þröngt að ekki mætti t.d. slá börn á fingurna. Svipaðar hugmyndir má finna á Nýja Sjálandi en þar hefur ekki verið talin ástæða til að banna „hæfilegar“ flengingar barna með lögum (Ahdar og Allan, 2001). Nýlegur hæstaréttardómur í Kanada komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að taka slíkt vald frá foreldrum sem fást við uppeldi barna sinna á aldrinum tveggja til tólf ára (BBC 2004). Af þessu

4 INNGANGUR

má ráða að hér er til umfjöllunar viðkvæmt mál þar sem skoðanir eru skiptar og menningarbundnar, jafnvel meðal nágrannaþjóða okkar.⁶ Menning hvers samfélags skapar því almenn viðmið um hvað sé talið heppilegt uppeldi og hvað séu viðeigandi refsingar og faraldsfræðilegar rannsóknir sýna mikinn breytileika á tíðni ofbeldis gegn börnum milli landa (Krug o.fl. 2002:62).

Réttur foreldra til að beita börn sín líkamlegum refsingum var tekinn úr sænskum lögum árið 1966 og lagt bann við þeim árið 1979 (Hindberg 2001). Vakti lagasetningin alþjóðlega athygli og var af sumum talin hlægileg og jafnvel hættuleg íhlutun í einkalíf foreldra og frelsi þeirra til að ala upp börn sín. Í kjölfar lagasetningarinnar breyttust viðhorf Svía til að beita börn líkamlegum refsingum. Árið 1965 töldu 53% Svía að líkamlegar refsingar væru eðlilegur hluti uppeldis barna en ekki nema 11% árið 1996.⁷ Árið 2000 töldu 2% sænskra barna á aldrinum níu til tólf ára slíkar refsingar vera ásætlanlegar. Í Danmörku voru árið 1997 sett lög sem banna foreldrum að beita börn sín líkamlegum refsingum. Í þeim felst að bannað er að beita ofbeldi í uppeldi, hvort sem um er að ræða kinnhest, flengingu eða eitthvað enn verra (Højgaard 1998). Í Danmörku eru foreldrar og forráðamenn að átta sig á því að lögum samkvæmt er ekki lengur leyfilegt að slá eða beita barn sitt líkamlegri refsingu og jafnframt eru börnin að læra að ekki megi beita þau líkamlegum refsingum. Auk Svía og Dana hafa átta önnur lönd bannað líkamlegt ofbeldi gegn börnum og þar með taldar líkamlegar refsingar. Þetta eru Finnland, Noregur, Austurríki, Lettland, Króatía, Kýpur, Þýskaland og Ísrael (Gawlik o.fl. 2002, Hindberg 2001). Eftir setningu nýrra barnalaga frá 1. nóvember 2003, nr. 76/2003, 28. grein, tilheyrir Ísland þessum hópi landa. Æ fleiri lönd hafa á síðastliðnum árum bannað með lögum líkamlegar refsingar í skólum og á meðferðarheimilum, þ.e.a.s. Namibía, Suður-Afríka, Úganda, Eþíópía, Kórea og Nýja Sjáland (Hindberg 2001).

Öflun heimilda

Söfnun gagna fyrir þessa rannsókn hefur falist í því að kanna íslenskar heimildir og niðurstöður rannsókna um heimilisofbeldi gegn börnum, hugmyndir um uppeldi, beitingu refsinga og samskipti foreldra og barna. Stuðst er við sögulegar heimildir, rannsóknir sagnfræðinga og fagfólks um börn, lokaritgerðir á háskólastigi og aðra almenna umfjöllun. Þá er fjallað um setningu laga sem varða barnavernd og réttindi barna. Erlendra heimilda hefur einnig verið aflað eftir því sem við á.

Höfundum þessarar bókar er ekki kunnugt um að sagnfræðingar eða aðrir hafi skoðað Íslendinga sögur sérstaklega með tilliti til stöðu barna og ofbeldis gegn þeim. Útburður barna hefur þó fengið nokkra umfjöllun. Ekki er mikið til af almennum sögulegum heimildum frá tímum Íslendinga sagna til loka 15. aldar sem snúa að félagslegum þáttum samfélagsins. Því er ekki mikið vitað um stöðu barna eða viðhorf til þeirra á þessum tíma. Nokkuð liggur hins vegar fyrir af áhugaverðum sögulegum rannsóknum þar sem stöðu barna, viðhorfum fullorðinna til þeirra og uppeldisaðferðum á 18. og 19. öld eru gerð skil. Hér er fyrst og fremst um að ræða sagnfræðinga, sem á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar hófu rannsóknir á félags sögu þar sem fjölskyldan, heimilið og börnin voru meðal viðfangsefna.

Hvað varðar söguskoðun heimilda um börn ber að benda á nokkur vandkvæði. Í fyrsta lagi hefur notkun hugtaka breyst. Í Íslendinga sögum eru notuð önnur orð en nú yfir uppeldi barna og líkamlegar og andlegar refsingar sem þau sæta. Þá hefur orðið barn þrengri merkingu. Orðstöðulykill Íslendinga sagna býður upp á þann möguleika að leita að ákveðnum orðum og fylgir þá viðeigandi texti. Leit að orðinu barn/börn í Íslendinga sögum vísar til texta þar sem nær einungis er fjallað um ungbörn. Skil á milli barna og fullorðinna virðast hins vegar vera fremur óljós. Svipað gildir reyndar um aðrar heimildir fram til aldamóta 1900.⁸

Í öðru lagi er lítið fjallað um hvernig börnin sjálf upplifa félagslega stöðu sína innan fjölskyldunnar og út á við í samfélaginu. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur (1995a:295-323) bendir á að heimildir gefi góða hugmynd um hvernig samfélagið í heild sinni ætlaðist til að börn hegðuðu sér og þar með hver gildin voru. Aftur á móti fjalli þær minna um hvernig börnin sjálf upplifðu lífið og tilveruna og jafnframt hvernig þau hegðuðu sér í raun. Bréf, dagbækur og sjálfsævisögur eru bestu heimildirnar um hvernig einstaklingar skynjuðu eigin stöðu. Vandamálið er hins vegar, segir Sigurður Gylfi, að almenningur skrifaði ekki mikið um daglegt amstur og tilfinningar á 19. öld eða fyrr. Enn síður fengust börn við slíkar skriftir.

Í þriðja lagi styðjast rannsóknir á stöðu barna gjarnan við vitnisburð fullorðinna sem oftast eru komnir á efri ár, t.d. ævisögur, dagbækur og bréf. Af þeim sökum telur Loftur Guttormsson sagnfræðingur (1983b:7), sem hefur rannsakað ríkjandi viðhorf til barna og bernsku á tímabilinu 1750-1850, að skoðun bernskunnar verði gjarnan þversagnakennd þar sem skeiki um nokkra áratugi. Gera þurfi ráð fyrir því að samfélagið sem viðkomandi lýsi hafi breyst og enn fremur viðhorf þess til barna og sama eigi við um einstaklinginn sjálfan.

Höfundum er ekki kunnugt um rannsóknir hér á landi sem hafa það sem meginmarkmið að kanna heimilisofbeldi og líkamlegar og andlegar refsingar sem börn sæta. Því er lítið vitað um eðli þess, tíðni og umfang. Á tveimur síðustu áratugum eða svo hefur umræða um heimilisofbeldi gegn börnum þó fengið meira rými en áður í tímaritum, fagritum og dagblöðum. Þar fjalla afbrotafræðingar, félagsfræðingar, félagsráðgjafar, geðlæknar, barnalæknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og annað fagfólk sem vinnur með börnum um eðli, orsakir og afleiðingar heimilisofbeldis á þau.⁹ Þessi ritverk byggjast á eigin reynslu fagmanna af vinnu með fórnarlömb ofbeldis, auk þess sem tekið er mið af ársskýrslum félagsþjónustunnar um starf barnaverndarnefnda, ársskýrslum Kvennaathvarfsins, sjúkraskýrslum og lögregluskýrslum.

Athugun á lokaritgerðum frá háskólum landsins sýnir að töluvert hefur verið skrifað um börn og ofbeldi gegn þeim sl. áratug en lítið sem ekkert fyrir 1990.¹⁰ Auk framangreindra sögulegra heimilda styðjast þessar lokaritgerðir við upprunalegar sögulegar heimildir, t.d. sjálfsævisögur, bréf, dómabækur, opinber skjöl, manntalsskrár, kirkjubækur, ýmiss konar skýrslur o.fl.¹¹ Þar sem skortur er á rannsóknum fagfólks á ofbeldi gegn börnum á Íslandi leita höfundar lokaritgerðanna gjarnan til erlendra fræðimanna sem byggja skrif sín og kenningar á rannsóknum, t.d. í Bandaríkjunum, Frakklandi og Englandi.

Nauðsynlegt er að skoða hugmyndir um viðhorf til barna og uppeldis þeirra út frá þeim samfélags-, menningar- og trúarlegu hugmyndum sem ríkja á hverjum tíma. Þvermenningarlegar rannsóknir sýna að það er breytilegt eftir menningu hvað telst vera gott uppeldi og viðeigandi refsing en svo getur einnig verið á milli einstaklinga innan sama menningarsvæðis. Einnig er mismunandi hvað er talið vera refsiverð hegðun barns. Viðbrögð umhverfisins við óæskilegri hegðun geta líka verið háð stöðu barnsins, aldri þess og kynferði. Enn fremur er breytilegt hver hefur það hlutverk að beita refsingunni.¹² Því hefjum við skoðun okkar á heimilisofbeldi gegn börnum og refsingum hérlendis á stuttu yfirliti um rannsóknir sagnfræðinga á sögu bernskunnar og lífi barna í Evrópu og Norður-Ameríku. Síðan verður fjallað um viðfangsefnið eins og það birtist hér á landi og stuðst er við margs konar heimildir frá upphafi Íslandsbyggðar og fram til líðandi stundar.

BÖRN FYRR Á ÖLDUM

Síðastliðna tvo áratugi hafa eldri rannsóknir á bernskunni og börnum innan félags- og hugvísinda verið gagnrýndar (Amit-Talai og Wulff 1995, Christensen og James 2000, James o.fl. 1998, Prout og James 1990). Í kjölfarið hafa rannsóknaraðferðir og notkun hugtaka verið til endurskoðunar. Bent er á að í þessum rannsóknum sé oft gengið út frá því að börn fari af einu þroskaskeiðinu yfir á annað fyrir tilstuðlan félagsmótunar og aukins líffræðilegs þroska. Börnum er því gjarnan lýst sem hópi óvirkra og hjálparvana einstaklinga. Auk þess er algengt að leggja áherslu á að börn séu verðandi fullorðnir fremur en börn á líðandi stundu. Nýrri rannsóknir vara við þeirri hugmynd að börn séu ósjálfbjarga og ófær um að hafa áhrif á eigið líf og umhverfi. Í staðinn er áhersla lögð á að börn séu virkir þátttakendur og leitast er við að fá fram sjónarhorn þeirra sjálfra á málefnum sem þau varða. Bent er á að hugtakið bernska sé menningarlega skapað og því breytilegt eftir samfélögum og tímasetningu. Sama gildir um hverjir teljist vera börn.

Upphaf að breyttum áherslum í rannsóknum á bernskunni og börnum er oft rakið til bókarinnar *Centuries of Childhood* eftir franska sagnfræðinginn Philippe Ariès (1962). Bókin markar ákveðin tímamót í fræðilegri umfjöllun um börn og líf þeirra. Ariès heldur því fram að hugtakið bernska hafi ekki verið til á miðöldum. Þessi hugmynd var gagnrýnd harðlega og hrakin á þeirri forsendu að hugtakið bernska hafi vissulega verið til en haft aðra merkingu en nú. Það var þó á grunni þessarar ögrandi staðhæfingar Ariès og deilna um hana sem augu fræðimanna opnuðust fyrir mikilvægi þess að skoða bernskuna í sögulegu og menningarlegu samhengi.

Sagnfræðingar sem í kjölfar Ariès hafa rannsakað aðstæður barna í Evrópu og Norður Ameríku á fyrri öldum leggja sumir hverjir áherslu á illa meðferð barna og almennt áhugaleysi foreldra fyrir velferð þeirra. Lloyd deMause (1974, 1998) gefur ófagar lýsingar á foreldrum fyrri alda og fjarlæggra þjóða. Skiptir hann sögu bernskunnar í sex skeið þar sem hið fyrsta einkennist af endalausum barnamorðum. Á næstu skeiðum verða foreldrar smátt og smátt vinalegri í garð barna sinna og það síðasta, félagsmótunarskeiðið, er eingöngu að finna meðal vestrænna þjóða frá 19. öld. Telur deMause flesta foreldra á þessu skeiði hafa þróast og þroskast nægjanlega til að láta vera að misþyrma

börnum sínum andlega, líkamlega og kynferðislega. Móðirin sinni hlutverki uppalandans og faðirinn sjái því fyrir viðurværi með vinnu sinni.

Lionel Rose (1986), sem hefur rannsakað barnamorð í Bretlandi á tímabilinu 1800-1939, heldur því fram að eðlishvöt mannsins sé í engu frábrugðin eðlishvöt dýranna. Trúarbrögð og siðfræði skipti í raun litlu máli þegar erfiðleikar stöðji að. Þá verði þeir ungu og veikburða sjálfkrafa fórnarlömb. Það sé því hluti af eðli mannsins að fremja barnamorð. Elisabeth Badinter (1980) telur hins vegar að áhugaleysi franskra mæðra fyrr á öldum, ríkra ekki síður en snauðra, fyrir afkomu barna sinna sýni að móðurumhyggjan sé fyrst og fremst menningarlega sköpuð en ekki meðfædd.¹

Hinn mikli barnadauði sem einkenndi fyrri tíma hefur m.a. verið útskýrður með vanhirdu og illri meðferð á börnum (Badinter 1980, Shorter 1975, Stone 1977). Hér er umhyggja mæðra fyrst og fremst til umræðu. Því er haldið fram að mæður hafi sýnt börnum sínum afskiptaleysi þar sem þær vildu forðast að tengjast börnum sem síðan myndu deyja. Laurence Stone (1977) telur það vera ástæðu fyrir áhugaleysi mæðra á afkomu barna sinna og að það hafi síðan leitt til aukins barnadauða. Ariès (1962) telur aftur á móti að mæður hafi ekki viljað tengjast börnum sínum en að það hafi ekki valdið auknum barnadauða.

Upp úr 1980 byrja sagnfræðingar að endurskoða fyrri hugmyndir um að samskipti foreldra og barna hafi einkennt af ástleysi og illri meðferð af hendi foreldra og annarra (Cunningham 1995, Pollock 1983). Foreldrum, þó sérstaklega mæðrum, er almennt lýst sem ástríku í garð barna sinna. Ef vanræksla eða ill meðferð á sér stað, börn send í fóstur eða látin sæta harðri vinnu, er það talið vera afleiðing erfiðra aðstæðna og skorts á öðrum möguleikum. Hugh Cunningham (1995) varar t.d. við því að taka útburð á börnum sem almenna vísbendingu um eðli barnaupveldis og áhugaleysis foreldra á afkomu barna sinna. Regina Schulte (1984), sem hefur rannsakað barnamorð í Þýskalandi við lok 19. aldar, telur að móðir sem hafði deytt eitt barna sinna hafi ekki endilega sýnt öðrum börnum sínum ástleysi.

Jákvæðari lýsingar sagnfræðinga en áður á samskiptum foreldra og barna má að einhverju leyti rekja til aukinnar áherslu á einsögunannsóknir. Linda Pollock (1983:22) færir rök fyrir því að sagnfræðingar sem styðjast við helgirit, trúarkenningar, ráðleggingar sérfræðinga, málverk, listaverk, skáldsögur, ferðasögur, blaðagreinar, lög og dómsmál hafi tilhneigingu til að lýsa stöðu barna á annan hátt og neikvæðari en þeir sem nota persónulegri heimildir eins og dagbækur, minningarit og bréf. Pollock styðst við persónulegar heimildir í rannsókn sinni á samskiptum barna og foreldra á tímabilinu 1500 til 1900. Hún kemst að

þeirri niðurstöðu að samskiptin hafi einkennst af tiltölulega litlum breytingum í tímans rás og hafi í meginatriðum verið óformleg og ástrík.

Á sama hátt og hugtakið bernska er menningarlega skapað getur verið breytilegt hverjir teljist vera börn. Vísbendingar um það má finna í félags- og lagalegu umhverfi hvers tíma. Saga barnsins, sem fjallar um líf barna í reynd, er oft talin vera flóknari viðfangs en saga bernskunnar, það er hvaða skilning ákveðið samfélag á ákveðnum sögulegum tíma leggi í hugtakið bernsku (Cunningham 1995, Pollock 1983, Prout og James 1990). Sagnfræðingar benda á að lítið sé til af heimildum um sögu barnsins og þá sérstaklega þar sem börn segi sjálf sögu sína.

Við byrjum umfjöllun okkar um heimilisofbeldi gegn íslenskum börnum og refsingar með nokkrum dæmum sem varða börn og ofbeldi úr Íslendinga sögum. Íslendinga sögur tilheyra þeim heimildum um sögu okkar sem mörgum þykja hvað merkastar. En þær eru einnig þekktar fyrir mjög ofbeldisfullar frásagnir.

Börn á tímum Íslendinga sagna

Mikið hefur verið deilt um áreiðanleika Íslendinga sagna en víst er að þær hafa að geyma ákveðna mynd af því samfélagi sem lagði grunninn að byggð á Íslandi.² Þær eru taldar skrifaðar á 13. og 14. öld og í þeim er gjarnan sagt frá vígaferlum og áflogum bænda. Þar er einnig að finna nokkrar frásagnir um ofbeldisfull börn og ofbeldi á börnum, sérstaklega drengjum.

Egill Skallagrímsson er ein af þekktustu söguhetjum Íslendinga sagna. Sagt er um Egil í bernsku að hann var „kappsamur mjög og reiðinn en allir kunnu það að kenna sonum sínum að þeir vægðu fyrir Agli“ (Egils saga 1987:414-415). Þegar Egill „laut í gras“ fyrir Grími Heggssyni í knattleik sótti Egill öxi og vó Grím. Þá var Egill tæpra sjö ára. Í sögunni kemur skýrt fram að Egill hafi ekki verið einn um að sýna ofbeldisfulla hegðun. Faðir hans, Skalla-Grímur, var skapbráður og má ætla að það hafi haft áhrif á uppeldi Egils. Til er dæmi þess að faðir Egils hafi vegið að syni sínum, sem þá var tólf vetra, líkt og um illvígán óvin og jafningja væri að ræða. Segir frá því að Þórður, vinur Egils, og Egill hafi leikið knattleik á móti Skalla-Grími og er liðið var á leikinn fór Agli að ganga illa. Fór svo að Grímur banaði Þórði og greip síðan til Egils. Þorgerður brák, fóstura Egils, mikil fyrir sér, sterk sem karlmaður og fjölkunnug, mælti: „Hamast þú nú, Skalla-Grímur, að syni þínum“ (415). Skalla-Grímur lét þá lausan Egil en þreif til Þorgerðar sem rann undan en Skalla-Grímur á eftir. Kastaði hann loks steini á eftir henni sem „setti milli herða henni, og kom hvortki upp síðan. Þar er nú



kallað Brákarsund“ (415-416). Sama kvöld drap Egill verkstjóra föður síns til að hefna fóstru sinnar. Var sagt fálæti með þeim feðgum þann veturinn.

Hér má álykta að athæfi Egils endurspegli það uppeldi og erfðir sem hann fékk frá föður sínum.³ Þeir Skalla-Grímur og Egill hafa hugsanlega litið hvor á annan sem jafningja. Reyndar má skilja frásögnina þannig að Grímur hafi haft í huga að bana syni sínum en Brák komið í veg fyrir það. Einnig er hugsanlegt að skapofsi Gríms hafi ráðið ferðinni og virðingarleysi hans fyrir lífi drengsins. Hafa ber í huga að í Grágás kemur fram að tólf vetra gamall einstaklingur, sem banar öðrum, sé sakhæfari en þeir sem yngri eru en gera slíkt hið sama (Grágás 1992:235). Því má ætla að tólf vetra drengir hafi á þessum tíma talist til fullorðinna fremur en barna. Egill sýnir það líka í verki að hann telji það skyldu sína að hefna fóstru sinnar.

Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir (1992) hefur skoðað hugtakið hefndaruppeldi. Hún bendir á að *Brennu-Njáls saga*, *Króka-Refs saga* og *Egils saga* greini frá reiðum mæðrum sem krefji syni sína, þá tólf ára, um að hefna fyrir dauða

föður sinna.⁴ Spurningin er hvort hér sé á ferðinni einhvers konar andlegt ofbeldi mæðra gegn sonum sínum og að það hafi getað leitt til þátttöku þeirra í vígafærlum. Blóðhefnin viðgekkst í samfélagi Íslendinga á þessum tíma og er líklegt að það hlutverk, sem þessar mæður ætluðu sonum sínum þegar þeir náðu tólf ára aldri, hafi verið innan ramma þess sem talið var eðlilegt. Hugsanlegt er líka að hér hafi verið um að ræða ákveðið verkefni til handa sonum sem misst höfðu föður sinn og að það hafi falið í sér vígslu frá barni til fulltrúa manns, svokallað *rite of passage*.⁵

Í *Völsunga sögu* (1985) segir frá Sigmundi nokkrum, syni Völsungs konungs í Húnalandi, sem var drepinn af Siggeir konungi Gautalands. Siggeir er kvæntur Signýju, systur Sigmundar og hún verndar Sigmund bróður sinn þar sem hann er í felum fyrir Siggeir. Signý sendir son sinn og Siggeirs, þá tíu vetra, til að veita Sigmundi lið. Hann segir við systur sína að sér finnist sonur hennar ekki vera hugaður og að lítil hjálp sé í honum. Hún svarar: „Tak þú hann þá og drep hann. Eigi þarf hann þá lengur að lifa“ (1985:18). Og svo gerir Sigmundur. Ári seinna sendir Signý yngri son sinn til Sigmundar en það fer eins fyrir honum og eldri bróður hans.

Þessi frásögn lýsir mikilli grimmd sem bæði Signý og Sigmundur sýna ungum sonum Signýjar. Hafa ber í huga að synir Signýjar voru líka synir Siggeirs, óvinar Sigmundar. Með því að gefa Sigmundi færi á að drepa synina hjálpaði Signý bróður sínum við að hefna dauða föður þeirra systkina. Frásögnin endurspeglar þannig mikilvægi hefndarinnar sem virðist Signýju meira virði en líf sonanna, en ætla má einnig að dráp þeirra hafi verið Siggeir mikill missir.

Lýsingar þær sem hér eru dregnar upp sýna mikið ofbeldi og grimmd. Það er þó ekki alltaf sjálfgefið að drepa börn eða misþyrma þeim í Íslendinga sögum. Í *Brennu-Njáls sögu* (1987) segir frá því að þeir bræður Höskuldur og Hrútur ríða til þings.⁶ Á Lögbergi lýsir Mörður fésök á hendur Hrúti vegna skilnaðar hans við dóttur sína. Hrútur skorar þá Mörð á hólmi fyrir tvöfaldan heimanmund þann er Mörður segir Hrút skulda sér. Vegna yfirburða Hrúts neyðist Mörður til að draga fésökina til baka. Á leið heim frá þingi gista þeir Hrútur og Höskuldur, bróðir hans, hjá Þjóstólfi. Er þeir sitja við langelda heyra þeir tvo sveina herma háðslega eftir málalengingum Marðar og Hrúts.⁷ Skemmtu heimamenn sér vel og þá „reiddist Höskuldur og laust sveininn þann er Mörður nefndist með sprota, en sprotinn komi í andlitið og sprakk fyrir.“ Höskuldur sagði sveininum að hætta þessum leik og fara út. Hrútur kallaði til sín hinn drenginn, dró fingurgull af hendi sér og gaf honum og mælti: „Far í braut og leita á engan mann síðan.“ Sveininn svarar Hrúti og segist hlýða drengskap

hans framvegis. „Af þessu fékk Hrútur gott orð,“ segir í sögunni. Af frásögn þessari má ráða að aðstæður hafi greinilega leyft að Hrútur refsaði sveininum en það þótti virðingarvert að láta það vera. Í frásögninni er ekki lagt mat á viðbrögð Höskuldar.

Frásagnir þær sem hér hafa verið til umfjöllunar segja allar frá tiltölulega stálpuðum drengjum sem ýmist eru ofbeldisfullir, verða fórnarlömb í deilum eða gefa jafnvel karlmönnum tækifæri til að sýna príðmennsku sína. Konur þær sem koma við sögu eru beint eða óbeint þátttakendur í þeim ofbeldisfulla verknaði sem lýst er. Athygli vekur að litið er á tólf ára drengi sem fulltíða karlmenn, a.m.k. að einhverju leyti. Hvernig var staða mála þegar kom að meðferð á ungbörnum?

Útburður barna og barnamorð

Ljóst er af lestri Íslendinga sagna að útburður ungbarna tíðkaðist við upphaf Íslandsbyggðar. Í *Finnboga sögu ramma* (1987) segir frá Ásbirni nokkrum sem skipar Þorgerði konu sinni áður en hann ríður til þings að bera út ófætt barn þeirra. Þorgerður svarar: „... svo vitur og ríkur sem þú ert því að þetta væri hið óheyrilegasta bragð þó að fátækur maður gerði en nú allra helst er yður skortir ekki göss“ (625). Ásbjörn, sem var reiður konu sinni fyrir að hafa gift burtu dóttur þeirra án samþykkis hans og vitundar, segist ekki vilja eignast fleiri börn og fer síðan. Þorgerður fæðir sveinbarn sem hún ann mjög en þorir ekki annað en að fylgja fyrirmælum Ásbjarnar. Er svo búíð um að barnið finnist og ala nágrannahjón það upp sem sitt eigið barn við gott yfirlæti. Útburður barns Ásbjarnar og Þorgerðar fréttist og „þótti það óheyrilegt bragð svo ríkra manna og göfugra sem þau voru“ (1987:27).

Sama viðhorf til útburðar ungbarna má einnig finna í *Gunnlaugs sögu ormstungu* (1987). Þar kemur fram að útburður á börnum tíðkaðist meðal félítilla manna en það þótti þó ávallt illa gert. Útburður ungbarna átti sér einnig stað ef um óskilgetið barn var að ræða og heiður manna eða kvenna í hættu.

Anna Sveinsdóttir (1994) fjallar í B.A. ritgerð sinni í mannfræði, *Börn handa veðri og vindum: um útburð á Íslandi*, um samfélagslegar ástæður útburðar á Íslandi frá Landnámsöld og fram á 20. öldina.⁸ Kemur fram að fræðimenn haldi því ýmist fram að börn sem voru borin út hafi verið börn fátæklinga, börn vel efnaðra jafnt sem fátækra, börn þræla eða fyrst og fremst stúlkubörn þar sem foreldrar vildu frekar eiga drengi.

Anna skoðar útburð barna á fjórum mismunandi tímabilum og byggir m.a. á sögu landsins, lagabókstöfum og trúariðkun. Fyrsta tímabilið nær yfir Landnámsöld 870-930 og Þjóðveldisöld 930-1264, enda breytti kristnitakan árið 1000 litlu um útburð barna. Kemur m.a. fram í Íslendingabók að áframhaldandi leyfi til að bera út börn var eitt af þremur skilyrðum þess að taka upp kristni. Útburður barna var bannaður nokkrum árum eftir kristnitökuna þó að slíkt hafi tíðkast áfram. Anna telur ástæður útburðar barna á þessu tímabili fyrst og fremst hafa verið efnahagslegar og siðinn viðtekinn hvað varðaði fátæka, líkt og sjá má á samtali Ásbjarnar og Þorgerðar hér að framan um útburð barns þeirra. Máli sínu til stuðnings leitar hún einnig til laga um fátæklinga og ómaga þar sem fram kemur að í Grágás sé reynt að spyrna við offjölgun og fátækt.⁹

Á næsta tímabili, því kaþólska, frá 1264 til 1564, telst útburður vera lögbrot en það sama gildi um þunganir utan löglegs hjónabands. Fjársektir, svokölluð Kirkjugrið, voru greiddar fyrir að geta barn utan hjónabands og fyrir manndráp. Greinilegt er þó að það hefur þótt verra athæfi að bera út börn en að drýgja hór.¹⁰ Útburður barna var ekki eins almennur og voru það einkum fátækar konur sem báru út börn sín.

Stóridómur markar upphaf þriðja tímabilsins hvað varðar útburð barna. Fyrst eftir siðaskiptin 1551 en sérstaklega eftir að Stóridómur kom árið 1564 voru enn harðari viðurlög við hórdómi og barneignum utan hjónabands, með hærri fjársektum og jafnvel dauðarefsingum. Fram að 1767-1772 þurfti fólk t.d. að gangast við siðferðisbrotum sínum frammi fyrir söfnuði við messu. Fjársektir vegna barneigna ógíftra voru lagðar niður árið 1812 og sektir fyrir hórdóm árið 1870.¹¹ Lagaákvæði frá árinu 1635 kvað á um að dauðarefsing skyldi lögð við svokölluðum dulsmálum sem fólu í sér að meðgöngu og fæðingu barns var haldið leyndu og nýfæddu barninu var komið undan með einhverjum hætti. Þetta lagaákvæði var formlega afnumið með nýjum hegningarlögum árið 1869, og marka þau upphaf fjórða tímabilsins. Hugsanlegt er að mildari viðurlög við að eignast óskilgetin börn hafi leitt til þess að þeim fjölgaði mikið þegar líða tók á 19. öldina.

Í bók sinni *Dulsmál: 1600-1900* rekur Már Jónsson (2000) atburðarás dulsmála. Hann útskýrir aðstæður hinna sakfelldu og gerir grein fyrir réttarþróun hér á landi og erlendis. Í annálum og skráum er getið um 117 tilvik sem komu fyrir dómstóla eða urðu kunn á annan hátt sem hugsanleg dulsmál. Már telur að dulsmál hafi verið örþrifaráð sem ungar, eignalaugar og ógiftar vinnukonur gripu til, vegna örbirgðar og kúgunar. Aðeins tvær þessara mæðra voru giftar en þær

þjuggu fjarri mönnum sínum og áttu börnin með öðrum. Sum barnanna voru getin í blóðskömm, en viðurlög við henni var dauðasök fram til ársins 1870.

Liklegt er að mörgum finnist útburður og dulsmál lýsa grimmdarlegum verknaði gagnvart ungbörnum, sem voru ýmist skilin eftir úti í kulda eða vösbúð, þeim var drekkt eða þau voru kæfð (Anna Sveinsdóttir 1994, Már Jónsson 2000). Hins vegar er nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna þess sem framkvæmir verknaðinn. Konur, og stundum karlar, völdu á milli þess að bera út barn ef þau voru ekki gift ellegar hljóta dauðarefsingu fyrir. Í bók Más (2000) um dulsmál má lesa um þá andlegu þjáningu sem mæður gengu í gegnum við að drepa ungbörn sín. Már lítur ekki á dulsmál sem illa meðferð á ungbörnum heldur sýni þau fram á hvernig óréttlát lagaákvæði hafi þvingað ógift fólk til voðaverka.¹²

Útflutningur barna á 15. og 16. öld

Helgi Þorláksson telur að sagnfræðilegar heimildir frá 14. og 15. öld séu erfiðar viðfangs og af skornum skammti (2000:59). Þó eru til annálar frá þessu tímabili en þeir hafa mest verið viðfangsefni erlendra fræðimanna og fjalla sérstaklega um verslunarsamskipti Íslendinga og Norðmanna og seinna um viðskipti Íslendinga við Englendinga.

Athygli vekur að verslun við Englendinga tengdist að einhverju leyti útflutningi íslenskra barna til Englands á 15. og 16. öld (Helgi Þorláksson 1983). Helgi segir að á árunum 1425, 1432 og 1533 hafi komið upp ásakanir á hendur Englendingum fyrir að hafa rænt fjölda fólks á Íslandi, þ.m.t. börnum og unglingum og farið með þau til Englands. Í Lönguréttarbót, sem var samþykkt árið 1451, kemur hins vegar fram að útlendingum séu gefin eða seld börn en ekki beinlínis að þeim hafi verið rænt (1983:47-9). Heimildir sýna að fyrir árið 1450 keyptu Englendingar börn sem voru eftirsóknarverð vegna skorts á vinnuafli. Helgi segir að til sé a.m.k. eitt dæmi um þetta á Íslandi en að málið sé ekki vel kannað.

Helgi Þorláksson (1986) gagnrýnir fræðimenn sem túlka þann sið að senda börn í læri eða fóstur til ókunnugra sem tákni um ástleysi foreldra í garð barna sinna. Hann telur að fátækir hafi gert slíkt vegna umhyggju fyrir framtíð barna sinna og hafi þannig reynt að greiða götu þeirra eftir bestu getu.¹³ Helgi (1983, 1986) telur að íslenskir foreldrar hafi samið um að börnin færu í nám á Englandi, en þar tíðkaðist að börn voru tekin í nám með formlegum hætti við þrettán ára aldur. Íslenskir foreldrar hafi þannig haft von um betra líf til handa börnum sínum á Englandi. Á 16. öld voru börn einnig látin í fóstur til annarra Íslendinga

og jafnvel greitt með þeim að því tilskyldu að þau yrðu tekin í nám. Helgi telur að sá siður að senda börn í fóstur hafi vafalaust treyst bönd milli kynforeldra og fósturforeldra, líkt og tíðkaðist á 13. öld og lýst er í Íslendinga sögum.¹⁴

Erfið lífskjör 18. og 19. aldar

Sagnfræðingar hafa stuðst við ýmiss konar ritaðar íslenskar heimildir við rannsóknir á þróun fjölskyldunnar, stöðu barna og viðhorfum til þeirra á tímabilinu frá byrjun 18. aldar og fram til loka 19. aldar.¹⁵ Meðal heimilda eru ævisögur, manntöl, skjöl, dagbækur, bréf, dómabækur, lagasöfn og jafnvel málshættir.

Sagnfræðingar eru ekki sammála um hvaða viðhorf hafi verið ríkjandi til barna á 18. og 19. öld og hvernig uppeldi þeirra hafi verið háttað. Reyndar er það almenn skoðun að erfið lífsskilyrði, fátækt, farsóttir og eldgos hafi haft áhrif á lifnaðarhætti Íslendinga og að börn hafi þar ekki verið undanskilin. Á þessum tímum voru mikil harðæri og þúsundir manna komust á vonarvöl og margir urðu hungurmorða (Jón Steffensen 1975). Af þeim sökum þurftu allir sem vettlingi gátu valdið að taka þátt í heimilis- og bústörfum, oft við bág kjör. Ekki var óalgengt að börn allt frá fimm ára aldri hafi þurft að vinna til að létta undir með fullorðnum. Voru börn sem ekki stóðust kröfur hinna fullorðnu eða jafnvel samfélagsins beitt hörðum refsingum. Í því samhengi hefur verið deilt um gildi vinnunnar fyrir börnin.

Húsagatilskipun

Hugmyndir um að beita börn refsingum innan íslenska bændasamfélagsins á 18. og 19. öld endurspeglast best í skýrt mótaðri uppeldisstefnu sem birtist í lögum árið 1746 undir heitinu „Tilskipun um húsagann á Íslandi“ (Loftur Guttormsson 1983b:68-86). Tilskipunin markar tímamót í lagasetningu um uppeldi barna á Íslandi, sem þar með var gert að viðfangsefni löggjafans. Var stefnt að „allsherjar-siðvæðingu heimilanna undir forystu siðbættar og upplýstrar prestastéttar ...“ í anda heittrúnaðarstefnunnar (Loftur Guttormsson 1983b:76). Áður höfðu verið settar reglur um rétt húsbænda að refsa hjúum sínum en með húsagatilskipuninni skyldu foreldrar og húsbændur fylgja reglum húsagans en þeir sem honum skyldu sæta voru þjónustufólk og börn. Tilskipunin lögbatt þannig ættföðurlegt vald húsbænda yfir heimilismönnum sínum og setti strangar reglur um uppeldi og aga á börnum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1982:22).

Húsagatilskipunin leggur áherslu á að beita andlegri ögun og líkamlegum refsingum. Hirtingarskylda var lögð á foreldra en hún samsvaraði svokallaðri „barnareglu“ sem var kennd við ótta og auðsveipni. Hirtingunni var gefin „jákvætt, uppbyggilegt inntak: hún skyldi auðsýna umhyggjusemi foreldra og átti að ala af sér ástúð og auðmýkt hjá börnunum“ (Loftur Guttormsson 1983b:77). Í 8. grein tilskipunarinnar er lýst afdráttalaust hvernig foreldrum beri að refsa börnum sínum brjóti þau af sér:

straffa þau með alvarlegum orðum (þó fyrir utan blót og ósæmleig illyrði) ellegar so með hendi og vendi eftir ásíðkomulagi yfirsjónarinnar ... Þó skulu öll höfuð-högg og að slá í höstugri reiði vera hér með öldungis fyrirboðin ... Mögli börnin eður láti sjá á sér fúlt, reiðuglegt andlit, þá tyftist þau með því meiri alvörugefni, þangað til þau læra að sýna sig ástúðleg og auðmjúk (Loftur Guttormsson 1983b:77).

Loftur Guttormsson (1983b) telur að húsagatilskipunin endurspegli ríkjandi hugmyndir samtímans um stöðu barna og ungmenna, þó þurfi framkvæmd laganna ekki endilega að vera fyllilega í samræmi við hana. Hann bendir á að fræðimenn hafi lagt frekar einhlítt mat á uppeldisáðferðir Íslendinga á þessu tímabili og verið fljótir að dæma uppeldisaðferðir fyrri alda sem oft einkenndust af gegndarlausri hörku.¹⁶ Meðal þeirra er Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1934), sem Loftur segir að telja megi góðan fulltrúa fyrir frjálslynd og „framfarasinnuð“ uppeldisviðhorf um aldamótin 1900. Hann vitnar í ummæli Jónasar:¹⁷

Aginn var harður og miskunnarlaus, og ekki mátti neinu halla, svo að ekki riðu snoppungarnir og munnhögg, svo að blóðið streymdi úr nösunum, og svo dundu hýðingarnar daglega ... Prestarnir töluðu um það í ræðum og ritum, að menn ættu að kyssa hirtingarvönd drottins. Sama var með börnin. Þau voru oft pínð til þess að kyssa vöndinn, þegar búið var að hýða þau. Þetta ól upp kergju í unglíngunum, bældi niður góðu tilfinningarnar, en gerði andlega lífið þrællundað og lítilmannlegt (Loftur Guttormsson 1983b).

Loftur Guttormsson (1983b) varar við því að dæma viðhorf gagnvart börnum á þessu tímabili sem harðneskjuleg en hann dregur samtímis ekkert úr frásögnum manna um þann stranga aga sem þeir lifðu við. Hann veltir því líka fyrir sér hvers

vegna uppalandinn beitti svo ströngum aga.¹⁸ Var það vegna þess að honum þótti svo mjög skorta á æskilega hegðun hjá ungvíðinu eða var óhlýðnin svar barnsins við harkalegum refsingum? Loftur bendir á að af bernskuminningum manna að dæma sé augljóst að aginn, sem þeir sættu í uppeldinu, hafi sett varanlegt mark á reynslu þeirra, líklega vegna þess hve hann var strangur.

Ólafi Sigurðssyni (1894) og Þorkeli Bjarnasyni (1895) sem voru uppi í lok 19. aldar, ber ekki saman um hverjir það hafi verið sem sýndu börnum sínum mest harðræði í uppeldi. Þorkell telur að þessi harðneskja hafi ekki síður verið í höndum heldra fólks en hjá alþýðu manna. Hann hafi heyrt um það að börn hafi verið hýdd á föstudaginn langa „og þóktist með því gjöra guði þægt verk“ (1895:229). Hins vegar heldur Ólafur (1894) því fram að hýðingar á börnum á föstudaginn langa hafi ekki verið tíðkaðar nema af hinu lakasta og fáfróðasta fólki. Ef tekið er mið af því að lútersk siðfræði hafi boðað strangt uppeldi í guðsótta má gera ráð fyrir því að kirkju- og trúræknir foreldrar hafi frekar en aðrir beitt börn sín andlegum og líkamlegum refsingum ef þau óhlýðnuðust eða sýndu iðjuleysi.

Húsagalögin virðast hafa haft veruleg áhrif á uppeldishætti Íslendinga (Loftur Guttormsson 1983b, Sigurður Gylfi Magnússon 1995a). Veraldleg og andleg yfirvöld lögðu áherslu á að aga ungvíðið og ætluðust til þess að foreldrar hirtu börn sín og innrættu þeim ótta og auðsveipni við yfirboðara sína. Eftirlit yfirvalds með heimilum var í höndum hreppstjóra og presta. Nokkur dæmi voru um að hreppstjórar og prestar veittu hjónum og öðrum forsvarsmönnum barna áminningu þegar vitað var um að börn væru beitt ofbeldi



(Guðfinna M. Hreiðarsdóttir 1991).¹⁹ Þessum áminningum var þó ekki alltaf fylgt eftir og börn dóu vegna illar meðferðar. Árið 1807 voru t.d. hreppstjóri og prestur dæmdir í héraðsrétti í Snæfellssýslu fyrir „Embættis yfirsjón“ þegar ellefu ára ómagi dó af völdum misþyrminga sem þeir létu afskiptalausar.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1991) segir að eftirlit hreppstjóra og sóknarpresta hafi einkum falist í því að framfylgja lögum og reglugerðum. Af lýsingum Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur (1991) að dæma má ætla að vernd og alúð gagnvart börnum hafi ekki verið í fyrirrúmi hjá prestum og hreppstjórum þó fyrir hafi komið að þeir stöðvuðu illa meðferð á börnum og sendu þau í vist á annan bæ. Það hjálpaði heldur ekki að staðaryfirvöld fengu ekki alltaf ámæli eða refsingu í héraðsrétti eða landsyfirrétti ef þau brugðust skyldum sínum og gættu þess ekki að umsjónaraðilar gengju ekki fram af börnum með harkalegum refsingum. Guðfinna ályktar að hefðu yfirvöld sinnt skyldum sínum hefðu þau getað bjargað lífi barna sem dóu.

Barnavinna

Ekki er óalgengt að fræðimenn fjalli um vinnu barna á tímum húsagans sem barnaþrælkun og gangi út frá því að foreldrar hafi jafnvel eignast börn til að nýta þau til vinnu. Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir segja það ekki ólíklegt og vitna í máltækið „blessun vex með barni hverju“ því til stuðnings (1990:10). Oft fengu börn að finna fyrir hirtingarvendinum þegar þau sýndu ekki nógu mikla iðjusemi við almenn hússtörf eða aðra vinnu (Guðfinna M. Hreiðarsdóttir 1991, Loftur Guttormsson 1983b:180-81, Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir 1990:10). Í samræmi við húsagann var foreldrum skylt að venja börn við iðjusemi og telur Loftur Guttormsson (1983b) að iðulega hafi verið gerðar ósanngjarnar kröfur til þeirra. Hann bendir þó á að uppalandur voru ólíkir og það sem einum þótti tilefni til hýðingar lét annar óátalið. Hafa ber í huga að fullorðnir voru líka beittir mikilli vinnuhörku og þeim refsað sem ekki stóðust þær kröfur sem gerðar voru til þeirra.

Guðmundur Hálfðanarson (1986), sem hefur kannað 129 sjálfsævisögur fólks sem fæddist á bilinu 1846-1899, færir rök fyrir því að barnavinna hafi ekki verið misnotkun á börnum heldur hafi hún falið í sér ákveðið uppeldislegt gildi. Vinna barna var umfram allt verk- og siðferðisnám, sem var talið vera nauðsynlegur undirbúningur fyrir alvöru lífsins. Vinnuálag barna var þó misjafnt eftir aðstöðu þeirra. Barnavinna var árstíðabundin en mismunandi eftir því hvort um var að ræða sveit eða bæi og börn efnameiri eða fátækra (Guðmundur Hálfðanarson 1986, Sigurður Gylfi Magnússon 1995a, 1995b).

Það sem tíðkaðist í sveitum tíðkaðist ekki endilega í bæjum og það sem tíðkaðist meðal fyrri kynslóða tíðkast ekki meðal þeirra seinni (Ólöf Garðarsdóttir 1998). Smalamennska var t.d. aðalverk barna á sumrin í sveitum og segir Guðmundur (1986) að ævisögur gefi til kynna að hún hafi verið fæstum erfið og gefið miklar frístundir. Reyndar telur hann að fátækir, þá sér í lagi í bæjum, hafi litið á barnavinnu sem efnahagslega nauðsyn.

Guðmundur Hálfðanarson (1986:130-135) telur að of mikið vinnuálag barna, eins og lýst er í ævisögu Tryggva Emilssonar, hafi verið litið hornauga í bændasamfélaginu.²⁰ Guðmundur getur þó ekki um að í barnavinnunni hafi falið ákveðið harðræði sem foreldrar hafi beitt börn sín eða að börn hafi liðið andlega eða líkamlega vegna mikils álags. Hann hafnar hugmyndum Lofts um að litið hafi verið á átta til tíu ára gömul börn sem raunverulegt vinnuáfl, eða sem „smáaxna fullorðna.“ Þótt til séu dæmi þess að börn hafi sum hver þurft að vinna erfiðisvinnu hafi þau átt sína bernsku til fermingar.

Sigurður Gylfi Magnússon (1995a), sem styðst við ævisögur frá svipuðu tímabili og Guðmundur, skoðar hvernig börn litu sjálf á bernsku sína. Hann tekur reyndar fram að erfitt sé að komast að raunverulegum lífsháttum barna þar sem ævisögur séu ætíð sagðar/skráðar þegar viðkomandi sé orðinn fullorðinn. Sigurður Gylfi kemst að annarri niðurstöðu en Guðmundur varðandi smalamennsku barna og segir, líkt og Loftur, að hún hafi falið í sér mikla ábyrgð. Hann bendir á að börn unnu oft ein við smalamennsku fram undir fermingu og skorti nálægð og umhyggju foreldra eða fullorðinna. Börn sáu sér gjarnan huggun í kvöldstundum við upplestur og gripu hetjumyndir Íslendinga sagna fegins hendi til að komast í gegnum andlegar og líkamlegar raunir hversdagsins (Sigurður Gylfi Magnússon 1995b).²¹ Vegna lítilla samskipta við fullorðna hafi þau litið á hetjurnar sem sínar fyrirmyndir.

Hvað varðar mikla vinnu barna á þessu tímabili, þá bendir ýmislegt til þess að börnum hafi ekki fundist hún vera óeðlileg. Hafa ber í huga að vinna var álitin vera hluti af lífinu og jafnvel dyggð og því vafasamt að líta á hana sem ofbeldi. Hins vegar má færa rök fyrir því, líkt og Loftur gerir, að þegar börn, stundum ung að aldri, náðu ekki að sinna þeim verkum sem þeim voru ætluð var þeim oft refsað harkalega. Hér er um að ræða refsingar sem nú eru fordæmdar.

Barnadauði

Sagnfræðingar hafa velt því fyrir sér hvort rekja megi mikinn barnadauða, sem einkenndi fyrri tíma, bæði hér á landi og erlendis, til illrar meðferðar á ungbörnum. Í byrjun 18. aldar var ungbarnadauðinn á Íslandi sá mesti í Evrópu og

um miðja 19. öld lifðu einungis um 60% allra lifandi fæddra barna til fimm ára aldurs (Ólöf Garðarsdóttir 2002).²²

Því er haldið fram í fræðiritum að meðferð ungbarna á Íslandi hafi verið ábótavant og hún hafi jafnvel verið harkaleg á miðöldum og allt fram á 19. öld (Helgi Þorláksson 1986:79). Erlendir fræðimenn sem heimsóttu Ísland töldu eina meginorsök hins mikla barnadauða vera að börnum var gefin kúamjólk en ekki móðurmjólk. Einn þessarra fræðimanna var danski læknirinn P. A. Schleisner sem gaf út bók árið 1849 um læknisfræðilegar rannsóknir sínar á Íslandi. Hann telur að afnám brjóstaeidis hafi jafngilt útburði í heiðni á Íslandi. Íslenskir fræðimenn hafa leitað orsaka þessa mikla barnadauða og kannað viðhorf Íslendinga til barna og barneigna á 18. og 19. öld með hliðsjón af honum.

Loftur Guttormsson (1983a) styður hugmyndir erlendra fræðimanna um vonda meðferð ungbarna og telur að sú fólksfækkun sem átti sér stað hafi leitt til þess að konur áttu erfitt með að gefa ungbörnum brjóst sökum mikils vinnuálags. Börnum var því gefin kúamjólk, sem leiddi til mikils barnadauða, og í framhaldi af því hafi mæður meðvitað haldið fólksfölgun niðri með því að gefa börnum sínum kúamjólk. Helgi Þorláksson (1986) gagnrýnir Loft fyrir þá skoðun að illa hafi verið farið með ungbörn á miðöldum og að „brjóstaeidisleysið“ hafi verið meðvituð aðferð við að halda fólksfjölda niðri. Helgi bendir á að Loftur leiti skýringa í kennismiðju Ariès sem heldur því fram að foreldrar á miðöldum og 16. öld hafi forðast að tengjast börnum sínum nánum tilfinningaböndum sökum hins mikla barnadauða.²³ Hann hafnar því að rekja megi háa dánartíðni barna til tómlætis og afskiptaleysis foreldra. Máli sínu til stuðnings vitnar hann til Pollock sem bendir á að foreldrar fórnir ýmsu, m.a. eigin heilbrigði, til að tryggja að börn sín lifi af.²⁴ Helgi telur að mikið vinnuálag mæðra hafi eflaust átt einhvern þátt í að mæður hættu að gefa börnum sínum brjóst en að meginástæða þess hafi verið sú hugmynd sem ríkti í samfélaginu að kúamjólk væri betri en móðurmjólkin.²⁵

Guðný Hallgrímsdóttir (2001) styður hugmyndir Helga og segir að margar heimildir frá 18. og 19. öld séu vitnisburður erlendra fræðimanna sem báru saman lifnaðarhætti eigin samfélags og hins íslenska.²⁶ Söguskoðun þeirra var byggð á aldagömlum viðhorfum karlasamfélagsins þar sem íslenskum mæðrum var oft lýst sem fáfróðum konum sem vanræktu börn sín. Í reynd hafi Ísland verið sjálfsþurftarsamfélag og á 18. öld hafi meirihluti íslensku þjóðarinnar verið bláfátækur almúgi sem dró fram lífið við erfiðar aðstæður í harðbýlu landi. Guðný segir að 40% þjóðarinnar hafi verið þurfamenn, vinnuhjú eða ómagar og aðrir að mestu leyti verið bláfátækir leiguliðar. Upplausn fjölskyldna

var daglegt brauð í sveitum landsins. Hjón eignuðust allt að 10 til 15 börn en aðeins þriðjungur þeirra komst til fullorðinsára.²⁷ Guðný telur að drepsóttir og hungurdaudi hafi verið algeng dánarorsök en að þrátt fyrir það hafi mæður sýnt börnum sínum ást og umhyggju.

Simon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir (1990) benda á að Jónas Jónassen landlæknir, sem gaf úr bókina *Barnfóstruna* árið 1888, hafi talið að atriði eins og rangt mataræði, klæðaleysi, kuldi og óþrifnaður hafi átt stóran þátt í dauða margra barna. Líklegt er að þessir þættir hafi ekki aðeins stafað af hirðuleysi eða einskærri illmennsku gagnvart börnum heldur fátækt og því að fólk hafi haft í mörg horn að líta varðandi heimili og bústörf. Læknishjálp var einnig af skornum skammti og ýmsir sjúkdómar, sem síðar fékkst lækning við, drógu börn til dauða.

Ólöf Garðarsdóttir (2002) skoðar í doktorsritgerð sinni lækkun dánartíðni barna á Íslandi á tímabilinu 1770-1920. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að farsóttir og sá siður mæðra að gefa ekki brjóst hafi verið aðalástæður þess að barnadaudi á Íslandi var mestur í Evrópu á 19. öld. Lífslíkur barna jukust verulega í byrjun 20. aldar og telur Ólöf ástæður þess hafa verið þær að ljósmæður höfðu meiri menntun í sambandi við brjóstgjöf, fleiri gátu lesið og betri efnahagur var í landinu. Um miðja 19. öld hafi einnig komið út bækur sem fjölluðu um heilsu ungbarna og var beint til mæðra.²⁸

Fósturbörn, ómagar og niðursetningar

Það var ekki sjálfgefið að börn væru alin upp hjá foreldrum sínum. Sá siður að senda börn í fóstur hefur reyndar tíðkast lengi á Íslandi og þá ekki eingöngu vegna fátæktar.²⁹ Auk þess að börn væru send í fóstur eða læri var hópi barna, svokölluðum ómögum og niðursetningum, komið fyrir hjá vandalausum vegna örbirgðar. Sagnfræðingar hafa skoðað meðferð þessara barna sérstaklega.

Loftur Guttormsson (1983a, 1985b) segir að ill meðferð á börnum hafi sér í lagi átt sér stað gagnvart niðursetningum, þ.e. börnum sem ólust upp í vist hjá öðrum en foreldrum sínum. Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993) heldur því fram að verr hafi verið farið með sveitarómaga, sem settir voru í vist hjá ókunnugum, heldur



en fósturbörn sem gjarnan voru í vist hjá öfum, ömmum eða öðrum skyldmönnum.

Monika Magnúsdóttir (1998:113-14) greinir frá því hvernig samfélagið, ættingjar og ríkari fjölskyldur tóku börn fátækari foreldra í fóstur og mynduðu þannig ákveðið öryggisnet sem hún kallar „frændaframfærslu.“ Þetta öryggisnet var virkt og kom mörgum til bjargar. Reyndar voru sum börn send frá einu fósturheimilinu til annars ef þau misstu uppalanda sinn og það gat reynst þeim mjög erfitt. Monika er þeirra skoðunar að frá sjónarhóli barnsins hafi þetta öryggisnet stundum snúist upp í andhverfu sína. Þannig hafi það skapað öryggisleysi þegar börn voru ítrekað skilin frá sínum nánustu.

Monika Magnúsdóttir (1998:113-114) er þeirra skoðunar að minningar og sjálfsævisögur, t.d. frásagnir þeirra Sæmundar Stefánssonar og Tryggva Emilssonar, lýsi vel aðbúnaði og meðferð þeirra barna sem töldust til ómaga og niðursetninga.³⁰ Þessar frásagnir gefi átakanlega mynd af líkamlegri og andlegri vanrækslu og hinu mikla harðræði sem börn í þessari stöðu máttu þola. Guðmundur Hálfðanarson (1986) tekur hins vegar fram að varast beri að líta á einstök dæmi líkt og þessi sem hið eðlilega í samfélaginu. Hafa skuli í huga að oft voru heimildir ritaðar vegna sérstæðra atvika, sem áttu sér stað, hvort sem um var að ræða dóma eða lýsingar í ævisögum. Sæmundur Stefánsson (1929) segir t.d. í formála bókar sinnar að hann hafi verið hvattur til að skrifa bók um líf sitt sem þótti einkennast af sérstæðri harðneskju.

Túlkun sagnfræðinga á eldri heimildum, sem varpa ljósi á barnauppleidi fyrr á öldum, er margvísleg. Sumir leggja áherslu á að börn hafi lifað við mikið harðræði og illa meðferð. Aðrir halda þeir því fram að aðstæður hafi ekki verið eins slæmar og margir samtímamenn haldi. Þó ekki sé hægt að staðhæfa að ill meðferð á börnum hafi verið algild er ljóst að ófá börn, og þá sérstaklega þau sem ólust upp fjarri foreldrum sínum, hafi oft búið við illan aðbúnað og harkalegt uppleidi.

STAÐA BARNNA Á 20. ÖLD

Í frásögnum um heimilishætti um miðja 19. öld og fyrr er ljóst að víða hefur barnaupveldi verið strangt og talið sjálfsagt á þeim tíma að flengja krakka með vendi ef eitthvað bar út af.¹ Svör við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands um upveldi í byrjun 20. aldar leiða í ljós að heimildarmenn eru almennt sammála um að börn hafi verið beitt aga og látin hlýða og flengd ef þau brutu verulega af sér. Þó eru til heimildir sem telja að um aldamótin 1900 hafi vöndurinn að mestu verið aflagður (Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir 1990:17).

Nýjar hugmyndir um upveldi barna

Á síðari hluta 19. aldar bárust utan úr heimi nýjar hugmyndir um upveldi barna. Árið 1894 þýðir Ólafur Ólafsson bók frá 1851 eftir Pierre Henri Ritter og gefur hana út í litlu kveri undir heitinu *Foreldrar og börn: uppeldisleiðavísir*.² Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir (1990) benda á að ekki sé víst að boðskapur þessarar bókar hafi náð eyrum allra. Engu að síður hafi mjög dregið úr hörku sem ríkti í garð barna og að foreldrar hafi í auknum mæli áttað sig á gildi góðs uppeldis fyrir framtíð barnanna.

Guðmundur Hjaltason var uppeldisfrömuður og frá árinu 1874 skrifaði hann mikið í blöð og tímarit. Hann ferðaðist einnig um landið og flutti fyrirlestra um hugðarefni sín. Guðmundur hlaut menntun í lýðskólum í Noregi og Danmörku en var að öðru leyti sjálfmenntaður. Bragi Jóseppson bjó til prentunar ritgerð Guðmundar um upveldi, en hún var samin á árunum 1913-1914 (Guðmundur Hjaltason 1987). Bragi telur hugmyndafræði Guðmundar að mörgu leyti framúrstefnulega þar sem hann standi vörð um stöðu barnsins og telji að varast beri að líta á það sem eign foreldra, sem megi hirta það að eigin geðþótta. Í inngangsorðum sínum segir Bragi:

Kenningar hans [Guðmundar] byggja á tveim meginstöðum, annars vegar á kristinni siðfræði og hinsvegar á siðfræði Íslendinga sagna og norrænum og íslenskum menningarhefðum.

Í grundvallaratriðum má segja hann aðhyllast bjartsýnan, kristinn húmanisma, en byggja jafnframt á íslenskri heimilisguðrækni lúterska rétttrúnaðarins (Bragi Jósefsson 1989:7).

Í ritgerðinni segir Guðmundur Hjaltason húsagatilskipunina gömlu ekkert sérlega milda, þó hún hafi bannað höfuðhögg. Hann telur barsmíðar á brjóst og alla aðra viðkvæma staði vera glæpsamlegt athæfi sem beri að refsa fyrir með fangelsisvist. Guðmundur beinir orðum sínum aðallega til kennara og gefur þeim ráð um hvernig eigi að umgangast börn af virðingu og nærgætni.³ Hann ræður þeim frá því að hirta börn líkamlega þar sem börnunum líki það illa að aðrir en foreldrar taki að sér það hlutskipti. Guðmundur felur það í hendur foreldrum að ala börn sín svo vel upp að ekki þurfi að hirta þau þegar þau fari til annarra og að það sé helst í verkahring mæðra að refsa börnum líkamlega. Hann telur hýðingu með vendi á „gamla staðinn“ utaná fötin skárri en það að kippa í hár eða eyru eða slá á hendur. Guðmundur álitur andlegar hirtingar, eins og langar og ólundarfullar áminningar, kaldar og særandi aðfinnslur, fyrirlitningarorð og miklar skammir eða formælingar þó oft verri en flengingar.

Ábyrgð samfélagsins

Hrefna Ólafsdóttir (1994) félagsráðgjafi telur að á síðari hluta 19. aldar hafi orðið hugarfarsbreyting hvað varðar ábyrgð samfélagsins á velferð barna. Lögfræðingurinn Tove Stang Dahl (1978) heldur því hins vegar fram að fyrstu lög um barnavernd hafi verið sett til að vernda samfélagið gegn erfiðum börnum en ekki til að vernda börn.⁴ Barnaverndarlög nú á tímum byggist aftur á móti á mannúðarsjónarmiðum og miði fyrst og fremst að því að vernda börn og ungmenni og koma þeim til hjálpar, þegar þess sé þörf.

Hugtakið barnavernd fékk fyrst fastan sess hér á landi með barnaverndarlögum, sem voru sett árið 1932 (Sigríður María Jónsdóttir 1998). Þau voru fyrstu heildarlögin sem sett voru um barnavernd hér á landi en fram að gildistöku þeirra höfðu ýmis dreifð lagaákvæði gilt um þennan málaflokk. Með þessum lögum féll sennilega Tilskipan um húsagann frá 1746 endanlega úr gildi. Barnaverndarlögin voru endurskoðuð 1947, 1966, 1992 og 2002.⁵

Þótt ekki sé langt síðan sérstök barnaverndarlög tóku fyrst gildi á Íslandi hefur löggjöf á sviði barnaréttar verið í mikilli þróun undanfarna áratugi hér á landi sem annars staðar. Í íslenskri löggjöf er fjallað um börn og réttindi þeirra í ýmsum lagabálkum, þar má nefna helst: barnaverndarlög, nr. 80/2002, og barnalög, nr.

76/2003.⁶ Íslensk stjórnvöld hafa síðan fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Þótt sáttmálinn hafi ekki lagagildi hér á landi eru yfirvöld bundin af þjóðarétti til að virða ákvæði hans, m.a. við setningu laga er varða málefni barna, sem og við lagaframkvæmd.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn var samþykktur árið 1989 af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.⁷ Sáttmálinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992. Enginn alþjóðlegur sáttmáli hefur náð eins mikilli og skjótri útbreiðslu og Barnasáttmálinn. Öll þjóðríki heims hafa fullgilt hann, að Bandaríkjum Norður-Ameríku og Sómalíu undanskildum.

Eitt helsta markmið Barnasáttmálans er að börn fái tækifæri til að þroskast þannig að þau verði upplýstir og ábyrgir einstaklingar. Sáttmálinn viðurkennir börn sem manneskjur og innbyrðis jafningja. Hann felur í sér ótvíræða viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi.⁸ Í 1. málsgrein 19. greinar Barnasáttmálans kemur fram að:

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnáskýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni (Barnasáttmálinn 1992).

Með því að fullgilda Barnasáttmálann taka ríki m.a. á sig þær skyldur að sjá til þess að börn njóti verndar gagnvart líkamlegu og andlegu ofbeldi. Eftir fullgildingu Íslands á Barnasáttmálanum hefur verið unnið að því að laga barnaverndarlögin og önnur lög betur að honum. Hefur í þessu sambandi sérstaklega verið leitast við að auka réttindi barnsins og skilgreina þau betur en áður út frá hagsmunum þess sjálfs.⁹ Þetta felur einnig í sér viðurkenningu á því að börn hafi sjálfstæð réttindi, óháð vilja foreldra eða forsjármanna.¹⁰

Barnaverndarlög

Segja má að í barnaverndarlögum sé lögð megináhersla á réttindi barna gagnvart hinu opinbera þegar foreldrar bregðast uppeldisskyldum sínum. Í

barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Í 1. málsgrein 16. greinar barnaverndarlaga segir:

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Þá er í 1. málsgrein 17. greinar sömu laga mælt fyrir um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem sérstök afskipti hafa af börnum vegna starfa sinna. Í 1. málsgrein 21. greinar laganna segir ennfremur:

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu ... um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra ... skal hún taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö daga frá því að henni barst tilkynning ... hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Á landinu eru nú starfandi 34 barnaverndarnefndir, en tilkynningum til þeirra er t.d. hægt að koma á framfæri gegnum Neyðarlínuna í síma 112.¹¹

Barnalögin

Endurskoðuð barnalög, sem fjalla fyrst og fremst um samskipti foreldra og barna, tóku gildi 1. nóvember 2003. Í umsögn sinni um drög að frumvarpi til þeirra laga benti umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, m.a. á mikilvægi þess að fram kæmi í frumvarpstextanum sjálfum afdráttarlaust bann við líkamlegu og andlegu ofbeldi foreldra gagnvart börnum sínum, sem og hvers konar annarri vanvirðingu. Með slíku ákvæði myndi íslenska ríkið uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar, sbr. 1. málsgrein 19. greinar Barnasáttmálans. Ákvæði svipaðs efnis má finna í sambærilegum lögum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.¹²

Þegar frumvarp til nýrra barnalaga barst umboðsmanni barna til umsagnar í lok árs 2002 kom í ljós að flest af því sem umboðsmaður hafði komið á framfæri við sifjalaganefnd, bæði á fundi með nefndinni og í skriflegri umsögn um drög að frumvarpinu, hafði verið tekið upp í frumvarpið. Meðal annars var ákvæði um skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn ofbeldi. Ákvæðið birtist í 2. málsgrein 28. greinar barnalaga og er svohljóðandi: „Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra

til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.¹³ Í athugasemdum með þessu nýja ákvæði segir m.a. orðrétt:

Lagt er til samkvæmt ábendingu umboðsmanns barna, að tekið verði upp ákvæði er leggur skyldu á forsjármann til að vernda barn gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Vart þarf að taka fram að í ákvæðinu felst að foreldrum er óheimilt að leggja hendur á barn sitt.

Í umsögn umboðsmanns barna, Þórhildar Líndal, til allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp til barnalaga, segir að tímabært hafi verið að taka upp slíkt ákvæði í íslensk barnalög. En hún bendir jafnframt á að hún hefði viljað ganga lengra en gert var með því að segja berum orðum í lagatextanum að foreldrum sé bannað að beita börn sín andlegu eða líkamlegu ofbeldi, sbr. áðurnefnda 19. grein Barnasáttmálans.¹⁴

Nákvæma skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu heimilisofbeldi¹⁵ er ekki að finna í barnalögum. Segja má því að það sé lagt í hendur þeim sem við þessi mál starfa að skilgreina hvað teljist andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Umboðsmaður barna

Ljóst er að réttarstaða barna hefur breyst til hins betra á síðustu áratugum, eins og fullgilding Íslands á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1992 ber vitni um, sem og stofnun embættis umboðsmanns barna 1. janúar 1995, með lögum nr. 83/1994.

Umboðsmanni barna er ætlað að vinna að bættum hag barna, að átján ára aldri, og gæta þess að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra, þarfa og réttinda á öllum sviðum samfélagsins.¹⁶ Eitt af verkefnum umboðsmanns hefur verið að kynna fyrir börnum réttindi þeirra samkvæmt Barnasáttmálanum sem og réttindi þeirra og skyldur samkvæmt íslenskum lögum. Á heimasíðu embættisins er birt *Litla lögbókin - lögbók barnanna* (2004), þar sem er að finna helstu lagaákvæði sem snerta börn og unglinga hér á landi. Ákvæðin birtast umorðuð, það þýðir að þau eru ekki tekin orðrétt upp úr íslenska lagasafninu heldur hefur verið reynt að setja þau fram á aðgengilegan hátt, þannig að börn og unglingar skilji efni þeirra. Þar kemur m.a. fram að í uppeldinu eigi foreldrar alltaf að hugsa um hagsmuni og þarfir barns síns og sýna því virðingu, umhyggju og nærfærni. Eftir því sem barn verður eldra og þroskaðra eigi foreldrar að hafa aukið samráð við barn sitt áður en þeir taka ákvarðanir um mál sem varða það. Engu barni megi

misþyrma, hvorki andlega né líkamlega. Ennfremur segir þar að engu barni megi misþjóða kynferðislega eða á annan hátt. Slíkt sé refsivert.¹⁷

Frá stofnun embættisins hefur umboðsmaður í störfum sínum lagt megináherslu á að hlusta eftir röddum barnanna og fá að heyra frá fyrstu hendi það sem þeim liggur á hjarta. Í þessu skyni hefur umboðsmaður m.a. heimsótt skóla og aðra staði þar sem börn dvelja, staðið fyrir málþingum og ráðstefnum með þátttöku barna og fengið ráðgjafabekki í grunnskólum til liðs við sig. Þá hefur umboðsmaður látið gera nokkrar kannanir á högum og viðhorfum barna og unglunga til hinna ýmsu málefna sem á þeim brenna. Heimasíða embættisins *www.barn.is* er í stöðugri endurskoðun og hefur m.a. haldið úti Netþingi fyrir börn og unglunga. Hefur embættið haft það að leiðarljósi að ná á sem fjölbreyttastan hátt til barna og unglunga og auka aðgengi þeirra sem og annarra að upplýsingum um embættið og réttindi barna almennt.

Þrátt fyrir bættu réttarstöðu barna og unglunga þykir umboðsmanni barna mikilvægt að breyting verði á viðhorfum fullorðinna til þeirra, því sú skoðun sé enn við lýði að börn séu „eign“ foreldra og „viðfangsefni“ hinna fullorðnu (Þórhildur Líndal 2002). Við skulum skoða hvernig þetta viðhorf endurspeglast m.a. í umræðunni um ofbeldi gegn börnum innan veggja heimilisins sem hófst upp úr 1970. Þá byrjar fagfólk og fræðimenn að leggja áherslu á mikilvægi þess að heimilisofbeldi fái hliðstæða umfjöllun og stefnumótun og ofbeldi sem á sér stað á götum úti eða á almenningsstöðum.¹⁸

Heimilisofbeldi gegn börnum

Það er fyrst í lok áttunda áratugar síðustu aldar sem ofbeldi í einkalífnu og samskiptum nákominna fær almenna umfjöllun á Íslandi.¹⁹ Hugtakið heimilisofbeldi byrjaði að festa sig í sessi í almennri orðræðu sem ill meðferð á konum og börnum innan veggja heimilisins.²⁰ Áður voru t.d. hugtökin harðræði og misþyrming gjarnan notuð til að lýsa illri meðferð á börnum.²¹ Umræðan beindist fyrst og fremst að ofbeldi eiginmanns gegn eiginkonu. Þegar börn voru talin vera þolendur ofbeldis var það meira með óbeinum hætti sem vitni að ofbeldi gegn öðrum.²² Þó hafði grein með heitinu „Battered child syndrome“ (heilkenni barnameiðinga) birst í bandarísku tímariti árið 1962 og átt sinn þátt í því að ofbeldi gegn börnum innan veggja heimilisins kom sérstaklega til umræðu (Kempe o.fl. 1962).²³ Áhrifa greinarinnar gætti fljótlega m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Norðurlöndunum.²⁴ Var hugsanlegt að heilkenni barnameiðinga væri að finna hér á landi?

Eru börn beitt ofbeldi á Íslandi?

Ásgeir Karlsson (1971) geðlæknir gerði rannsókn á tilvist heilkenna barnameiðinga sem byggir á skýrslum frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Niðurstöður hans leiddu í ljós að líklega væri ofbeldi á börnum óverulegt á Íslandi, þar sem einungis fjögur tilfelli barnamisþyrminga voru skráð á árunum 1960-1969, þar af eitt sem átti við heilkennið. Ásgeir bendir á að erlendar rannsóknir leiði í ljós að fjölskyldur með börn með heilkenni barnameiðinga búi að mestu í stórum byggðakjörnum og stórborgum og hafi lítil félagsleg samskipti og einangrist. Samfélög á Íslandi séu hins vegar fámenn miðað við erlendar borgir. Íslendingar hafi einnig sterk fjölskyldu- og vinatengsl og þeim sé gjarnan umhugað um heilbrigði fólks í kringum sig. Ásgeir telur að slíkt dragi úr einangrun, en hún sé ein meginástæða fyrir ofbeldi gegn börnum. Hann heldur því fram að líkamlegar refsingar sem börn sættu á Íslandi hafi alltaf verið undan-tekning. Ásgeir telur að ofbeldi gegn börnum leiði af sér ofbeldi í samfélaginu seinna meir en Íslendingar upplifi það nær einungis í gegnum fjölmiðla. Hann gefur þar með í skyn að ofbeldi sé ekki til staðar í íslensku samfélagi.

Niðurstöður Ásgeirs Karlssonar hafa verið gagnrýndar. Hrefna Ólafsdóttir (1994) telur að þessar niðurstöður hafi ekki verið til úrbóta fyrir börn, sem í raun hafi mátt þola ofbeldi. Hún telur að þær hafi dregið úr viðurkenningu á vandamálinu.

Í 2. hefti tímaritsins *Gedvernd* 1979 eru birt erindi sem voru flutt á ráðstefnu sem félagsráðgjafadeild Kleppsspítala stóð fyrir um ofbeldi í einkalífi vorið 1979. Helga Hannesdóttir barnageðlæknir (1979) heldur því m.a. fram að barnamisþyrmingar séu jafn algengar hér á landi og annars staðar og að þeir sem misþyrmi börnum sínum eigi við alvarlega skapgerðargalla að stríða. Þessum foreldrum sé það sameiginlegt að eiga í fjárhagserfiðleikum og búa við félagslega einangrun, líkt og Ásgeir minnst á. Oftar sé um að ræða feður en mæður sem misþyrmi börnum sínum en í alvarlegri tilfellum séu það mæður sem eigi hlut að máli.

Hugmyndir um menningarbundna orsök ofbeldis innan heimilisins birtast í fyrstu skýrslu um rannsóknir á ofbeldi í íslenskum fjölskyldum, sem kom út árið 1982. Skýrslan byggðist á úttekt Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings, Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa og Þorgerðar Benediktsdóttur lögfræðings á ofbeldi í fjölskyldum (Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl. 1982). Í skýrslunni er fjallað um heimilisofbeldi innan friðhelgi einkalífsins sem varðveitist gjarnan sem hið stóra leyndarmál fjölskyldunnar. Hér er átt við líkamlegt ofbeldi sem einn úr fjölskyldu beitir annan og hefur í för með sér sýnilega áverka. Þar segir:

„Sú leynd sem hvílir yfir fjölskylduofbeldi, er auðskilin þegar þess er gætt, hve slíkt ofbeldi er í sterkri andstöðu við ímyndina um fjölskylduna sem friðsama og samstæða heild og heimilið sem griðastað“ (1982:8).²⁵

Framangreind könnun leiddi í ljós að algengasta ofbeldið innan veggja heimilisins var gagnvart konum og af hendi eiginmanna og sambýlismanna. Einungis níu sjúkraskrár fundust um börn sem höfðu orðið fyrir ofbeldi einhvers í fjölskyldunni. Ástæða þess að svo fá börn reyndust hafa orðið fyrir ofbeldi er eflaust sú að aðferðin sem notuð var reyndist ekki heppileg til að upplýsa um umfang ofbeldis gegn börnum. Gengið var út frá því að barnið sjálft segðist hafa orðið fyrir áverka frá öðrum en höfundar skýrslunnar benda á að „áverkar, sem börn verða fyrir af hendi fullorðinna, skilgreinast sem sly og eru skráðir sem slík“ (Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl. 1982:28). Ennfremur kemur fram að fólk álíti ofbeldi systkina vera eðlilegan hlut í fjölskyldulífi og að það sé liðið: „Því er neitað, að um ofbeldi sé að ræða, með viðbrögðum eins og: ‚strákar eru strákar‘ eða ‚öll systkini slást“ (28).

Sama ár og skýrsla Hildigunnar, Sigrúnar og Þorgerðar kom út, þ.e. árið 1982, var Kvennaathvarfið stofnað. Leiddi það til enn frekari umræðu um heimilisofbeldi.²⁶ Fram kemur í grein í tímaritinu *Veru* árið 1986 að ofbeldi í fjölskyldum bitni ekki einungis á konum heldur einnig á börnum (Borghildur Maack o.fl. 1986). Í greininni er ofbeldi gegn börnum skilgreint sem ill meðferð eða vanræksla þannig að líkamlegri heilsu og þroska barns sé hætta búin. Eftir opnun Kvennaathvarfsins kom óvænt í ljós stór hópur barna sem fylgdi þeim konum sem leituðu þangað og orðið höfðu fyrir ofbeldi af hendi fedra sinna (Elísabet Júlíusdóttir og Sjöfn K. Aðalsteinsdóttir 1993). Í framhaldi af því var stofnaður sérstakur starfshópur til að annast þessi börn. Þrátt fyrir það beindist umræðan mun meira að því ofbeldi sem konur og mæður voru beittar og jafnframt því hvernig börn urðu óbeint þolendur vegna þess ofbeldis sem mæður urðu fyrir.

Doktorsritgerð Sigrúnar Júlíusdóttur (1993) um íslenskar fjölskyldur byggist á viðtölum við foreldra frá árinu 1987. Þó svo heimilisofbeldi hafi ekki verið sérstaklega til skoðunar kemur fram hjá hluta viðmælenda að þeim fannst almennt að líkamlegar refsingar væru óheppileg uppeldisáðferð og sögðust frekar vilja ræða málin og beita jákvæðri umbun. Um 10% þeirra töldu þó að líkamsrefsingar væru réttlátanlegar. Þegar spurt var um hvað fólk gerði í raun og veru birtist önnur mynd. Enginn viðmælenda notaði líkamlega refsingu oft en tæplega helmingur þeirra (45%) hafði beitt barn sitt einhvers konar líkamlegri refsingu. Algengast var að foreldri tæki í barnið og hristi það. Næst algengast

var að grípa til rassskellinga og var lítill munur á þessum tveimur refsiaðferðum. Mæður höfðu ívið oftast en feður beitt líkamlegri refsingu. Sigrún Júlíusdóttir segir að þær séu oft óánægðar með það að bera meiri ábyrgð á uppeldinu en feður og að þær missi stundum stjórn á sér og refsni barninu líkamlega.

Árið 1995 var gerð rannsókn á uppeldisskilyrðum barna á Íslandi (Sigrún Júlíusdóttir 1994). Samtals 1150 manns voru valdir úr þjóðskrá eftir aðstæðum á heimili og því ekki hægt að yfirfæra niðurstöðurnar á allar fjölskyldur á Íslandi. Alls 846 manns, sem svörðu, voru spurðir um samskipti við börn sín, m.a. um líkamlegar refsingar. Niðurstöður sýna að um þrjú fjórðu allra svarenda telja sig „oftast“ ráða vel við uppeldi barna sinna en 5% „sjaldan“ eða „aldrei.“ Fram kemur að 6% segjast aldrei þurfa að rífast í börnum sínum og að 45% hóta þeim aldrei. Mikill meirihluti svarenda, eða 93%, segjist aldrei beita líkamlegum refsingum og þeir sem beita slíkum refsingum segjast gera það sjaldan (1994:65-66).

Árið 1997 gaf dómismálaráðuneytið út skýrslu sem bar titilinn „Skýrsla dómismálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum: lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996-97“ (Dómismálaráðuneytið 1997). Skýrslan er byggð á rannsókn þar sem leitast var við að kanna umfang heimilisofbeldis meðal fullorðinna og afleiðingar þess í samræmi við beiðni Alþingis. Þótt heiti skýrslunnar bendi til þess að innihaldið fjalli um heimilisofbeldi gegn konum og börnum er aðeins fjallað lítillega um heimilisofbeldi gegn börnum enda var það ekki viðfangsefni rannsóknarinnar. Í skýrslunni er þess getið að börn beri þess oft merki ef þau búa í fjölskyldum þar sem ofbeldi er beitt. Vitnað er í erlendar rannsóknir um ofbeldi gegn börnum og skýrt frá því að börn, sem eru beitt ofbeldi af foreldrum sínum eða öðru heimilisfólki, séu líklegri til að lenda í ofbeldisfullum samböndum þegar þau verða fullorðin.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu

Erfitt var að fá heimilisofbeldi gegn börnum viðurkennt sem vandamál hér á landi en það var af mörgum talið forsenda þess að hægt væri að vinna að forvörnum og bæta meðferð og úrræði fyrir þolendur ofbeldis.²⁷ Ákvæði 71. greinar stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu hefur að mati sumra fag- og fræðimanna átt þátt í því að heimilisofbeldi hefur svo lengi verið hálfgerf felumál.²⁸

Friðhelgi einkalífs felur í sér rétt manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Einnig er litið svo á að tilfinningalíf, samskipti og tilfinningasambönd við aðra skuli njóta sérstakrar

verndar fyrir afskiptum, hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalds (Sigríður María Jónsdóttir 1998:24). Þótt ákveðin skylda hvíli á ríkinu að forðast afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum hvílir jafnframt sú skylda á því að setja reglur í löggiöf til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra.²⁹ Því er einnig kveðið á um það í 71. grein stjórnarskrárinnar að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu megi takmarka ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra.

Í áðurnefndu ráðstefnuriti *Gedverndar* frá 1979 fjallar Sigrún Júlíusdóttir um fyrirbærið barnamisþyrmingar og ofbeldi í félagslegu og pólitísku samhengi. Hún telur að meginorsök ofbeldis á börnum innan heimilisins sé veik réttarstaða barna innan fjölskyldunnar og hún sé afleiðing foreldravalds og eignarréttar foreldra yfir barninu. Hún segir fjölskylduna vera afsprengi þjóðfélagslegra þátta, þar sem ofbeldi viðgangist innan friðhelgi einkalífsins.

Hrefna Ólafsdóttir (1994) telur nauðsynlegt að ofbeldi gegn börnum innan fjölskyldunnar verði viðurkennt sem vandamál í samfélaginu því annars sé ekki hægt að fyrirbyggja það og hjálpa fórnarlömbum. Viðurkenning á ofbeldi innan heimilis stríði hins vegar gegn þeirri viðteknu hugmynd samfélagsins að fjölskyldan sé friðsöm og verndandi.³⁰ Samhliða því að fjölskyldan er talin vera mikilvægust fyrir einstaklinginn og sú eining sem best geti veitt honum samhug, skilning og ást, þá er hún einnig sú eining sem hefur möguleika til að beita þann hinn sama ofbeldi án þess að til sjáist.³¹

Tilkynningarskylda almennings og fagfólks

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru ákvæði um tilkynningarskyldu almennings og fagfólks. Lögin kveða á um að þeim sem verði vitni að eða hafi grun um ofbeldi gegn barni beri að tilkynna það til barnverndarnefndar. Í skýrslu Ragnheiðar Thorlacius (2003) um friðhelgi einkalífs barna er lagt til að gerðar verði breytingar á barnaverndarlögunum og sett inn ákvæði um rétt barnsins sjálfs til að tilkynna barnaverndarnefnd um ofbeldi undir nafnleynd.³²

Hvorki fagfólk né almennings hafa sinnt framangreindri tilkynningarskyldu sinni um börn á fullnægjandi hátt á liðnum árum. Helga Hannesdóttir (1979) barnageðlæknir segir í viðtali að afneitun ríki meðal lækna og annarra heilbrigðisstétta hvað varðar ofbeldi gegn börnum innan veggja heimilisins. Þeir trúu hreinlega ekki að barni sé misþyrmt af foreldrum sínum eða aðstandendum og spyri því ekki réttu spurninganna. Helga bendir á að þegar misræmi sé á milli sjúkdómseinkenna og frásagnar foreldra við skoðun á barni sé full ástæða til að kanna málið nánar. Hliðstæðar niðurstöður er að finna í námsritgerð í

hjúkrunarfræði frá árinu 1984 (Elsa F. Eðvarðsdóttir o.fl. 1984:92). Ritgerðin er m.a. byggð á svörum við spurningum til hjúkrunarfræðinga um það hvort þeir hafi orðið varir við ofbeldi gegn börnum í starfi sínu. Í ljós kemur að meirihluti hjúkrunarfræðinga í úrtakinu þekkir lagalega tilkynningarskyldu sína en margir þeirra efast um gildi þess að tilkynna um ofbeldi gegn börnum.

Enn í dag má sjá að heilbrigðisstarfsfólk er að glíma við sama vanda varðandi tilkynningarskyldu sína og kemur fram hér að framan. Theodór Friðriksson (2002), sérfræðingur í slysa- og bráðalækningum barna, skýrir frá því í greininni „Misnotkun barna – tilkynningarskylda“ að verði fagaðili var við ofbeldi á barni beri lögum samkvæmt að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda í því sveitarfélagi þar sem barnið sé búsett. Grein þessi er skrifuð í Læknablaðið og er orðum hennar sér í lagi beint til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Í greininni gefur höfundur nokkrar skýrar ábendingar um tákni og einkenni misnotkunar og ofbeldis, t.d. hvaða börn séu í mestri hættu á að vera beitt ofbeldi, hvers konar meiðsl séu grunsamleg og hvernig hægt sé að meta sjáanlega áverka á líkama barns og frásögn þess. Theodór leiðir heilbrigðisstarfsfólk í gegnum ferli sem nota má við grun um að barn hafi verið beitt ofbeldi af hendi annars einstaklings. Hann minnir einnig á tilkynningarskyldu almennings og annarra sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu og lætur lagaákvæði barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu fylgja með sem hvatningu til starfsfélaga sinna um að leiða ofbeldi gegn börnum ekki hjá sér.³³

Í ársskýrslu Félagsþjónustunnar í Reykjavík fyrir árið 2001 kemur í ljós að einungis um 5% tilkynninga koma frá heilbrigðisstarfsfólki (2002). Morgunblaðið hefur einnig fjallað um komu barna á slyshadeild vegna heimilisofbeldis og tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna á grundvelli barnaverndarlaga („Barnavernd“ 2002; „Yfir 25 börn á slyshadeild“ 2003). Í grein frá 10. febrúar 2003 telja Sigurður Guðmundsson landlæknir og barnalæknarnir Gestur I. Pálsson og Jón R. Kristinsson að ill meðferð á börnum, þar með talið líkamlegt ofbeldi, sé algengara á Íslandi en opinberar tölur gefi til kynna („Fleiri tilvik“ 2003). Landlæknir telur hugsanlegt að margt heilbrigðisstarfsfólk telji sig bundið af þagnarskyldu gagnvart skjólstaðingum sínum fram yfir tilkynningarskyldu barnaverndarlaga. Hann segir að grunur leiki á að fleiri tilvik ofbeldis á börnum reki á fjörur heilbrigðisstarfsfólks en þau sem séu tilkynnt til barnaverndarnefnda. Þess vegna hafi Landsspítali-háskólasjúkrahús, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofa látið vinna verklagsreglur fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar, sem lúta að því hvernig þeim beri að snúa sér í slíkum málum. Á Læknadögum Læknafélags Íslands í janúar 2004 kom

fram að starfsfólk slysadeildar Landsspítala-háskólasjúkrahúss standi í viku hverri frammi fyrir þeirri spurningu hvort tilkynna skuli grun um ofbeldi gegn börnum til barnaverndaryfirvalda (Pröstur Haraldsson 2004). Á árunum 2001-2003 tilkynnti starfsfólk deildarinnar 263 mál til barnaverndarnefnda. Árið 2003 var rúmlega helmingur af 89 málum, sem voru tilkynnt, vegna ofbeldis eða vanrækslu foreldra.

Viðbrögð samfélagsins við ofbeldi gegn börnum mótast ekki einungis af því hvernig lögum og reglum um vernd barna er háttað. Viðhorf almennings skiptir hér miklu máli. Í bókinni *Undir köldu tungli* eftir Sigurstein Másson (2001) birtist sannsöguleg lífsreynslusaga ungrar stúlku sem er fædd árið 1967. Stúlka þessi elst upp við mikið andlegt og líkamlegt ofbeldi. Auk þess sýna fjölskylda hennar, nágrannar og stofnanir samfélagsins lífi hennar algjört áhugaleysi. Í frásögninni kemur fram hvernig móðirin bregst í hlutverki uppalanda. Í stað þess að koma stúlkunni til hjálpar hæðast nágrannar og ættingjar jafnt að henni og móður hennar. Móðirin er lögð ótal sinnum inn á geðdeild án þess að starfsfólk hafi áhuga á því hvernig fjölskylda hennar líði. Í eftirmála að bókinni skrifar Sigursteinn:

Ég vil leyfa mér að trúá því að barnaverndaryfirvöld séu nú farin að skipta sér meira af aðstæðum barna en áður, þrátt fyrir öfgakennda umræðu um of mikla afskiptasemi yfirvalda. Staðreyndin er sú að alltof mikið hefur þurft að ganga á í brot-hættum veruleika barnanna áður en yfirvöld hafa gripið inn í ... Lausnin er ... sú ... að fólk vakni til vitundar um að það er rangt að horfa framhjá ofbeldinu og kúgunni og láta sem það komi sér ekki við (Sigursteinn Másson 2001).

Það má vera að almenningur og fagfólk sé meðvitaðra um tilkynningarskyldu sína nú en þegar sögupersóna Sigursteins var barn og unglingur. Hrefna Ólafsdóttir (1994:83) hallast að því að sífellt fleiri tilfelli ofbeldis, sem beinist gegn börnum, séu að koma upp á síðustu árum. Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur vegna barna og unglunga til átján ára aldurs á grundvelli barnaverndarlaga voru alls 1.023 árið 1998. Alls var tilkynnt um 1.781 mál árið 2001 og 2.012 árið 2002.³⁴ Má því sjá verulega fjölgun tilkynninga á grundvelli barnaverndarlaga, a.m.k. í Reykjavík.

Andlegt og líkamlegt ofbeldi

Fagfólk sem unnið hefur með fórnarlömb ofbeldis lítur svo á að líkamlegt ofbeldi feli alltaf í sér andlegt ofbeldi en andlegt ofbeldi sé einnig algengt án þess að því fylgi líkamlegt ofbeldi.³⁵ Tíðni andlegs ofbeldis er lítt þekkt enda tilkynningar um slíkt ofbeldi fátíðar. Í fæstum þeirra tilvika, sem tilkynnt er um til Barnaverndar Reykjavíkur, er ástæða tilkynningar grunur um andlegt ofbeldi gegn barni. Sem dæmi má nefna að svo var einungis háttað í 10 tilvikum af 1781 árið 2001.³⁶ Ástæður þess hve fáar tilkynningar vegna gruns um andlegt ofbeldi gegn börnum berast barnaverndarnefnd má að öllum líkindum rekja til þess hversu erfitt er að færa sönnur á hvort slíkt ofbeldi hafi átt sér stað. Því er ekki ólíklegt að mörg börn líði vegna andlegs ofbeldis á heimilum og fari þannig á mis við aðstoð skv. barnaverndarlögum.

Það andlega ofbeldi sem barn verður fyrir innan veggja heimilisins, beint og óbeint, hefur einna helst komið fram í umræðunni um heimilisofbeldi þar sem barn verður vitni að misþyrmingum annars foreldris á hinu. Zuilma Gabriela Sigurðardóttir sálfræðingur segir „að það að vera vitni að illri meðferð á ástvin svo sem foreldris eða systkina beri einnig að líta á sem andlegt ofbeldi og þess vegna eina tegund illrar meðferðar á börnum“ (Zuilma Gabriela Sigurðardóttir 1992). Bent hefur verið á að barn, sem horfir upp á annað foreldrið beita hitt ofbeldi, býr við stöðugan ótta, reiði, stjórnleysi, vanmátt og ringulreið og hefur engan að tala við (Vilborg G. Guðnadóttir 1998, Katrín Pálsdóttir 2002).

Garðar Gíslason o.fl. telja að í andlegu og tilfinningalegu ofbeldi felist atriði eins og að „hafna barninu, ógna því, hræða, einangra, láta afskiptalaust eða leiða á glapstígu“ (1995:24). Ásta Krístrún Ólafsdóttir sálfræðingur segir að andlegt ofbeldi sé „framkoma, með eða án orða, sem, meðvitað eða ómeðvitað, veldur andlegum sársauka eða vanlíðan“ (2003a:39). Það geti komið fram í því að barni sé sagt að það sé ljótt, leiðinlegt og heimskt, því sé hótað og bölváð eða að öskrað sé á barnið og það uppnefnt. Andlegt ofbeldi er ekki alltaf auðséð. Það getur falið í sér svipbrigði og augnaráð sem gefur til kynna fyrirlitningu og höfnun. Ásta Krístrún telur að börn séu oft beitt andlegu ofbeldi í hugsunarleysi og uppalendur beiti ómeðvitað og gagnrýnislaut uppeldisaðferðum sem þeir voru sjálfir beittir.

Með það að markmiði að mæta betur þörfum barna, sem beitt eru ofbeldi, hefur Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2000), félagsráðgjafi, skoðað skilgreiningar- og flokkunarkerfi það sem notað er af barnaverndarnefndum á Íslandi. Kemur í ljós að hlutfall barnaverndarmála sem eru flokkuð sem ofbeldi gegn börnum er mishátt á milli landshluta og jafnvel milli bæjarfélaga í sama landshluta á sama



árinu. Freydís Jóna bendir á að hér sé hugsanlega um að ræða mismunandi hugmyndir þeirra sem vinna við barnavernd um það hvað túlka beri sem ofbeldi gegn barni.³⁷

Samkvæmt skilgreiningu Freydísar Jónu á sér stað andlegt ofbeldi gegn barni „þegar foreldri gerir það af vana að móðga barn, kalla það ónöfnum, eða koma fram við það dags daglega á niðurlægjandi eða ómanneskjulegan hátt, t.d. ef foreldri er sífellt að setja út á eiginleika barns, s.s. útlit þess eða skap eða ef foreldri setur sífellt út á það sem barnið gerir“ (2000:52). Í þessari skilgreiningu er sérstök áhersla lögð á endurtekið ofbeldi gegn barni.

Í nýju skilgreiningar- og flokkunarkerfi frá árinu 2003 telur Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2003a, 2003b) upp hvaða flokka mætti setja undir andlegt ofbeldi. Þeir eru tilfinningalegt, sálarlegt og hugrænt ofbeldi, sem er skilgreint á eftirfarandi hátt:

1. Forsjáraðili leggur það í vana að koma fram við barn á ómanneskjulegan eða niðurlægjandi hátt. Í því felst m.a. að setja út á eiginleika barns, svo sem útlit þess eða skap, setja út á það sem barnið gerir, t.d. heimalærdóm og heimilisstörf og nota neikvætt hlaðin orð við barnið, t.d. fiðl, asni og hálfviti.
2. Forsjáraðili gerir of miklar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska, ætlast t.d. til þess að barn klæði sig sjálfst áður en eðlilegt getur talist.
3. Forsjáraðili virðir ekki barn sitt sem sjálfstæðan aðila, heldur sér það sem framlengingu á sjálfum sér og notar það til að fullnægja sálrænum þörfum sínum fremur en barnsins.

Skilgreiningar Freydísar Jónu á andlegu ofbeldi eru mun þrengri og nákvæmari en fyrri skilgreiningar. Skilgreiningar hennar á andlegu ofbeldi geta átt við nöldur en líka þögn sem getur haft sálræn áhrif á barnið, sem niðurlægir og dregur úr sjálföruggi og sjálfstrausti þess og getur haft áhrif á eðlilegan þroska.

Líkamlegt ofbeldi er almennt álitid auðveldara viðfangs en andlegt ofbeldi vegna þess að athöfnin og afleiðingarnar eru sýnilegri.³⁸ Það er þó ekki einfalt að meta umfang líkamlegs ofbeldis þar sem foreldrar sem hafa misþyrmt börnum sínum leita sér sjaldnast stuðnings. Í þeim tilfellum sem leitað er til slysavardstofu eða sjúkrahússtofnunar er líklegt að foreldrar gefi upp aðra ástæðu fyrir áverkunum en þá að þeir hafi beitt barn sitt ofbeldi (Garðar Gíslason o.fl. 1995, Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl. 1982).

Líkt og með andlegt ofbeldi, leggur Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2003b) áherslu á að um sé að ræða verknað þar sem foreldri eða forsjáraðili síendurtaki tiltekinn atburð eða meiði barn sitt viljandi þannig að það leiði til áverka.³⁹ Dæmi um athafnir sem forsjáraðili beitir viljandi og sem Freydís Jóna flokkar undir líkamlegt ofbeldi eru:

Slá barn með flötum lófa; kýla barn með hnefa; sparka í barn; henda hlut í barn; brenna barn t.d. með því að setja hönd eða fót [þess] í sjóðandi vatn, eða setja logandi sigarettu á húð þess; binda barn niður svo það getur ekki losað sig; hrista ungbarn [Shaken Baby Syndrome] eða slá því utan í vegg (2003b:187).

Með stuðningi Barnaverndarstofu hefur Freydís Jóna Freysteinsdóttir lagt fram tillögu að nýju skilgreiningarkerfi til notkunar við störf barnaverndarnefnda og verður það notað til reynslu í fimm sveitarfélögum á landinu á árinu 2004. Markmið þess er að stuðla að markvissari vinnubrögðum starfsmanna barnaverndarnefnda og betri málsmeðferð, sem er sérstaklega mikilvægt þegar mál er höfðað fyrir dómstóli. Einnig er vonast til að aukið samræmi milli sveitarfélaga geri samanburð raunhæfari og auðveldi rannsóknir á sviði barnaverndar.

Orsakir ofbeldis

Þegar leitað er leiða til að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum er mikilvægt að þekkja orsakir og áhættuþætti. Ofbeldi gegn börnum er ýmist rakið til einstaklingsins eða samfélagsins og deilt er um hversu meðvitað og sjálfrátt atferli sé um að ræða.

Við upphaf umræðu um ofbeldi í lok áttunda og byrjun níunda áratugar síðustu aldar voru geðraskanir foreldra og erfið félagsleg staða þeirra taldar vera helstu orsakir ofbeldis gegn börnum (Ásgeir Karlsson 1971, Helga Hannesdóttir 1979). Seinna var því haldið fram að ofbeldi ætti sér stað í öllum stéttum og þá oft í samhengi við hugtök eins og ofríki og valdbeitingu, þ.e. að í ofbeldi felist valdbeiting sem sterkari aðili beiti þann veikari (Félagsmálaráðuneytið 1993, Hulda Guðmundsdóttir 1990, Sigrún Júlíusdóttir 1979, Sæmundur Hafsteinsson og Jóhann Ingi Gunnarsson 1995, Unnur Ingólfssdóttir 1986). Er sú skilgreining í samræmi við skýringar íslenskrar orðabókar (Árni Böðvarsson 1985).

Geðlæknarnir Ásgeir Karlsson (1971) og Helga Hannesdóttir (1979) telja geðveiki foreldra eða sálfræðilegar raskanir þeirra vera aðalástæður ofbeldis gegn börnum. Starfskonur á heilbrigðisviði, sem vinna í Kvennaathvarfinu, leggja hins vegar áherslu á að barnaofbeldi sé samfélagslegur vandi sem sé látinn viðgangast þótt það sé bannað með lögum (Borghildur Maack o.fl. 1986). Hugmyndir þessar fela í sér að gerandinn, sem í flestum tilvikum er karlmaður, sé meðvitaður um gjörðir sínar og valdbeitingu (Hulda Guðmundsdóttir 1990, Unnur Ingólfssdóttir 1986).

Hulda Guðmundsdóttir (1990), sem hefur unnið með ofbeldi gegn börnum í starfi sínu sem félagsráðgjafi, lítur á ofbeldi gegn börnum sem samfélagslegt ferli sem feli í sér valdbeitingu þar sem börn hafi ekki verið og séu ekki nægilega hátt skrifuð í þjóðfélaginu.⁴⁰ Hulda segir það vera nokkuð almenna skoðun að börn séu eign foreldranna og uppeldi og atlæti þeirra sé einkamál fjölskyldunnar. Hún er þeirrar skoðunar að þetta sé gamla sagan sem fylgt hafi mannkyninu, „sagan um húsbóndann og þrælinn“ (1990:4c). Karlmaður sem sé kúgaður af yfirmanni sínum láti það bitna á konu sinni, sem líklega láti það svo bitna á börnunum, segir Hulda. Hún telur auknar líkur á að þau börn sem beitt séu ofbeldi komi til með að beita börn sín ofbeldi síðar. Ofbeldi hafi þannig keðjuverkandi áhrif innan heimilisins og milli kynslóða.

Frásögn stúlku sem birtist í Morgunblaðinu styður þessa skoðun Huldu Guðmundsdóttur. Stúlkan segir föður sinn beita móður sína, og stundum börnin, ofbeldi með þeim afleiðingum að móðirin ráðist á börnin. Hún segir móður sína ekkert hafa að gera í föðurinn en að móðirin „átti það til að berja okkur börnin þegar álagið var mikið, venjulega með blautum handklæðum“ („Endurupplifði hrylling“ 1990).

Hrefna Ólafsdóttir (1994) lítur á ofbeldi sem skort á trausti. Hún segir að barn sé beitt ofbeldi „þegar einhver aðili sem barnið þarf að treysta á misbýður því þannig að barnið getur ekki treyst á vernd frá viðkomandi aðila. Gerandinn

getur verið allt frá því að vera aðeins nokkrum árum eldri en barnið sjálft, svo sem systkini, eða af næstu eða þar næstu kynslóð við barnið“ (1994:86-87). Hrefna (1995) telur ástæður fyrir ofbeldi gegn börnum vera margar.⁴¹

Á síðustu árum hafa félagsráðgjafar þróað kenningar um orsakir ofbeldis þar sem stuðst er við erlendar rannsóknir og eigin fagþekkingu. Bent er á að margir áhættuþættir geti leitt til ofbeldis gegn börnum. Þar skiptir miklu félagslegur bakgrunnur og geðheilbrigði foreldra sem og lýðfræðilegar og samfélagslegar aðstæður (Freydís Jóna Freysteinsdóttir 2000, 2003a, Hrefna Ólafsdóttir 1994). Áfengisneysla foreldra er líka talin algeng orsök ofbeldis gegn börnum. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem beita börn sín ofbeldi hafa oft verið beittir ofbeldi sjálfir.⁴² Sálfræðingar halda því einnig fram að ofbeldi leiði af sér ofbeldi en benda á að þótt ofbeldi sé aldrei réttlætning á ofbeldi þá geti gerandinn átt erfitt með að vinna gegn því (Aðalsteinn Sigfússon 1987, Sigurður Rafn A. Levy 2003).

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2000, 2003a) telur að ástæður ofbeldis séu margþættar. Óbirt rannsókn hennar, kynnt á norrænni barnaverndar-ráðstefnu (2003a), styðst við skýrslur þriggja stofnana félagsþjónustunnar á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að finna þá áhættuþætti sem leiði til (sí)endurtekinnna misþyrminga á börnum. Freydís Jóna ber saman tilkynningar um ofbeldi gegn börnum, annars vegar þegar um er að ræða eina tilkynningu og hins vegar þegar fleiri en ein tilkynning berst varðandi sama barn.

Niðurstöður Freydísar Jónu (2003a) benda til þess að mæður beiti börn sín oft ofbeldi en feður.⁴³ Mörg tilfellanna varða fráskiðar mæður sem eru oft en feður einar með börnin. Mæður sem beita börn sín ofbeldi eiga oft við áfengisvandamál að stríða, þjást af þunglyndi og öðrum sálrænum sjúkdómum, hafa sjálfar verið beittar ofbeldi í barnæsku, fá fjárhagsstuðning frá félagsþjónustunni eða hafa framið glæp. Feður sem beita barn sitt ofbeldi þjást oft af sálrænum sjúkdómum og margir hafa verið beittir ofbeldi í barnæsku. Þeir hafa flutt inn og út af heimilinu undanfarna tólf mánuði fyrir fyrsta ofbeldisverknadinn og njóta oft aðstoðar frá ríkinu. Varnarleysi barns, t.d. vegna hjónabandserfiðleika foreldra, geðrænna vandamála barnsins, annarra veikinda þess, misþroska eða að vera ekki í uppáhaldi, auka líka hættu á ofbeldi gegn því. Rannsókn Freydísar Jónu sýnir að þeir foreldrar sem beita barn sitt endurteknu ofbeldi hafa notið meiri félagslegs stuðnings frá nágrönnum en þeir sem beittu barn sitt ofbeldi einu sinni.

Af framangreindu er ljóst að enginn einn þáttur skýrir það hvers vegna ofbeldi gegn börnum á sér stað. Um er að ræða margslungin ferli sem snerta

einstaklinginn, félagsleg tengsl hans við sína nánustu og samfélagið í heild sinni (Krug o.fl. 2002:12-15).

Hverjir beita börn ofbeldi?

Í almennri og faglegru umræðu um ofbeldi gegn börnum er áberandi meira fjallað um föðurinn sem geranda. Minna hefur verið skrifað um andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum þar sem móðirin er gerandi. Ásdís Pétursdóttir og Ester Ósk Ármannsdóttir (2000a) segja í lokaritgerð í hjúkrunarfræði frá árinu 2000 að þær hafi valið að fjalla um konur sem beiti börn ofbeldi vegna þess að umræðan



um fjölskylduofbeldi snúist nær eingöngu um karlmenn sem gerendur.⁴⁴ Þær nefna að konur beiti líka karla ofbeldi en að meirihluti fórnarlamba kvenna séu börn sem séu of ung til að átta sig á að þessi hegðun sé röng og að brotið hafi verið á þeim. Ofbeldi það sem konur beiti börn sín sé litið alvarlegri augum en ofbeldi af hálfu karla, vegna þess að ofbeldi sé álitid vera utan hinnar stöðluðu ímyndar um kvenlega hegðun. Ásdís og Ester Ósk segja að samfélagið eigi erfitt með að viðurkenna að móðir beiti börn sín ofbeldi þar sem ímynd móðurinnar sé að hún verndi og elski börn sín. Höfundar rekja þessar hugmyndir til líffræðilegra hugmynda um að karlmaðurinn sé sterkari og sá sem fari í stríð fyrir þjóð sína og eigi því auðveldara með að beita ofbeldi en konan.⁴⁵

Ásdís og Ester Ósk hafa ekki neinar íslenskar rannsóknir til að styðja hugmyndir sínar um konuna sem geranda en þær benda á þjóðsagnakenndar hugmyndir Íslendinga um Grýlu, sem sé afskræmd mynd af konu sem éti óþekk börn (Ásdís Pétursdóttir og Ester Ósk Ármannsdóttir 2000a, 2000b).⁴⁶ Skilaboðin séu þau að venjuleg kona geri ekki slíkt. Ásdís og Ester Ósk benda

á að það virðist vera tilhneiging í samfélaginu til þess að finna afsökun fyrir því að kona beiti ofbeldi, hvort sem er gagnvart karlmanni eða barni. Annað hvort sé litið á verknaðinn sem ósjálfrátt atferli vegna geðveiki, sjálfsvörn eða leið til að vernda barn sitt. Karlmaðurinn er hins vegar álitinn harðsvíraður og meðvitaður ofbeldismaður.

Bækurnar *Launbelgi lyganna* (Baugalín 2000) og *Undir köldu tungli* (Sigursteinn Mátsson 2001), sem báðar byggja á sannsögulegum atburðum, segja frá ungunum stúlkum sem voru beittar ofbeldi. Í þeirri fyrri er það amma aðalsögupersónunnar sem refsaði dóttur sinni með hýðingum og afinn sem gekk á milli þar sem hann var á móti því að hýða börn (Baugalín 2000:11). Bókin *Undir köldu tungli* segir frá móður sem beitir dóttur sína andlegu og líkamlegu ofbeldi. Móðirinn átti reyndar við alvarlegar geðraskanir að stríða og hafði sjálf hlotið barsmíðar og fjandsamlegt viðmót frá móður sinni. Frásagnir sem þessar, settar upp í skáldsagnastíl, ná oft að gefa ítarlegri mynd af lífi fórnarlamba ofbeldis innan veggja heimilisins en utanaðkomandi rannsakandi hefur möguleika á. Hins vegar eru þær skrifaðar á mjög innilegan hátt og gefa svo nákvæmar lýsingar á atburðum að lesandinn getur átt erfitt með að trúáfrásögninni og viðurkenna að hér sé um sannsögulega atburði að ræða. Þannig geta slíkar frásagnir líka viðhaldið leyndinni sem hvílir yfir slíkum atburðum.

Stofnanir sem vinna með ofbeldi gegn börnum, t.d. barnaverndarnefndir, Kvænnaathvarf, félagsmálastofnanir og barna- og unglingsgeðdeild, fást mest við meðferð og úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Ársskýrslur þeirra, að undanskýldum skýrslum Kvænnaathvarfsins, veita ekki upplýsingar um hverjir séu gerendur. Því er lítið til um tölulegar upplýsingar um hver sé hlutur kvænna og karla þegar kemur að því að beita börn andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Bragi Guðbrandsson (1995) forstjóri Barnaverndarstofu bendir á að mál sem komi fyrir barnaverndarnefndir einkennist af því að foreldrar ráði ekki við hlutverk sitt. Hann bendir á að félagsráðgjafar, uppeldisfræðingar, félagsfræðingar og aðrir sem vinna við félagslega þjónustu virðist vera sammála um að þeir foreldrar sem beiti börn sín ofbeldi komi úr öllum stéttum samfélagsins. Afskipti barnaverndarnefnda séu þó tíðari af þeim sem standa neðar í félags- og efnahagslegum skilningi. Auk þess eigi margir þeirra það sameiginlegt að hafa verið beittir ofbeldi sem börn og/eða eiga við alvarleg geðræn vandamál að stríða. Bragi leggur áherslu á að tengja saman ólík þjónustukerfi, s.s. heilbrigðis-, skóla- og félagsþjónustu með það fyrir augum að styrkja fjölskyldur á heildstæðan hátt til að ala önn fyrir börnum sínum.

Afleiðingar ofbeldis

Fræðimenn og fagfólk sem vinnur með börnum, sem hafa verið beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi, telja að slíkt hafi neikvæð áhrif á heilsu þeirra, þroska og vellíðan (Freydís Jóna Freysteinsdóttir 2000, Hrefna Ólafsdóttir 1994, Karl Steinar Valsson 1995, Krug o.fl. 2002:69-70, Sigurður Rafn A. Levy 2003, Vilborg G. Guðnadóttir 1998,). Andlegt ofbeldi er jafnvel talið vera meiri skaðvaldur en líkamlegt.⁴⁷ Algengar afleiðingar eru lágt sjálfsmat, kvíði, þunglyndi og sjálfsvígshugleiðingar auk áfengis- og fíkniefnanotkunar.

Afleiðingar ofbeldis innan heimilisins koma oft fram í atferli barna og einkennist oft af ofbeldisfullri hegðun í umgengni við önnur börn. Börn sem eru beitt ofbeldi heima geta bæði orðið gerendur og þolendur eineltis. Þunglyndi, tilraunir til sjálfsvígs og sjálfsvíg geta einnig verið afleiðingar ofbeldis innan heimilisins í barnæsku. Fram kemur í skýrslu Sigurðar Rafns A. Levys (2003), sálfræðings og starfsmanns á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss (BUGL), að vanræksla og misnotkun á börnum, þ.m.t. andleg, líkamleg og kynferðisleg misnotkun, eru áhættuþættir sjálfsvígshugsana sem geta leitt til sjálfsvíga, sjálfsmeyðinga og/eða alvarlegra geðrænna fatlana. Á árunum 2001-2002 var 71% stúlkna sem komu inn á Barna- og unglिंगageðdeildina fórnarlömb hvers kyns ofbeldis og vanrækslu og 52% drengja.

Í nýlegri rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur (í prentun) meðal 7,758 íslenskra unglिंगa á aldrinum 14-16 ára frá árinu 1997 kemur fram að deilur og ofbeldi á heimilinu auki líkur á reiði og þunglyndi hjá þeim. Við slíkar aðstæður eykst hættan á að unglिंगurinn komist í kast við lögin og gerist það oftast hjá drengjum en stúlkum.

Líkamlegar refsingar hafa ekki eingöngu áhrif á líðan barnanna. Árið 1996 var gerð rannsókn í Svíþjóð meðal mæðra sem fæddust á árunum 1955-1958. Þar kom fram að þær mæður sem höfðu verið beittar líkamlegum refsingum þegar þær voru börn voru líklegri til að beita börn sín slíkum refsingum en hinar (Hindberg 2001). Ekkert slíkt samband fannst meðal feðra.

Ljóst er af því sem að framan greinir að ofbeldi innan fjölskyldunnar getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið og framtíð þess.

AGI OG UPPELDI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

Hugmyndir um uppeldi barna hafa breyst verulega á síðustu áratugum. Það sem einu sinni var talin vera réttlát refsing, t.d. flenging, flokkast í dag undir líkamlegt ofbeldi. Á sama hátt má nú flokka það að hræða börn til hlýðni með Grýlu sem andlegt ofbeldi.

Flengingar

Það hefur lengi þótt sjálfsagt að flengja óþekka krakka. Umfang flenginga á Íslandi hefur ekki verið rannsakað en rannsóknir í Bandaríkjunum benda til að þar beiti flestir foreldrar aðferðinni (Larsen og Tentis 2003). Rannsóknir gefa misvísandi niðurstöður um árangur flenginga. Flestir eru á þeirri skoðun að þær séu ekki árangursrík leið til uppeldis. Hegðun barnsins breytist ekki en það læri að beita ofbeldi til að fá vilja sínum framgengt (Christensen og James 2000). Flengingar skapi auk þess neikvæðar tilfinningar hjá barninu og geti leitt til alvarlegra meiðsla.

Ætla má að flengingar hafi tíðkast vel fram yfir miðja 20. öld á Íslandi. Í samtali við einn af höfundum minnst karlmaður á fertugsaldri þess að hafa verið hýddur reglulega af móður sinni þegar hann var barn. Hann gat þess að vinir hans hafi einnig verið flengdir af mæðrum sínum og að það hafi þótt „ósköp eðlilegt.“ Viðmælandinn segir að feður hafi sjaldnast flengt þá strákana, enda hafi þeir mest verið í vinnunni og því lítið heima. Aftur á móti hafi mæður þeirra verið stöðugt heima fyrir, sinnt heimili og börnum og því hafi þær annast uppeldið og agann.¹ Viðmælandinn telur að flengingar hafi minnkað til muna og séu ekki algengar í dag.

Hér á landi virðist sem hugarfarsbreytingar gagnvart flengingum hafi farið að láta á sér kræla í kringum miðjan áttunda áratuginn. Það kemur t.d. fram í grein í *Veru* að flengingar séu ofbeldi sem jafnframt sé valdbeiting (Borghildur Maack o.fl. 1986). Bent er þó á að „fólki finnst allt í lagi að flengja börn sín og segir oft: „Ég var flengd/ur og ég er ágætis borgari í dag““ (16).

Í tímaritinu *Uppeldi frá árinu 1993* er stutt og hnitmiðuð grein sem minnir einna helst á auglýsingu um bann við flengingum (Kristín Elfa Guðnadóttir 1993:65). Í miðri greininni er mynd af hönd og yfir hana strik og hringur í

kring. Í greininni er staðhæft að langflestir foreldrar hafi einhvern tímann lamið barnið sitt, það sýni a.m.k. rannsóknir í útlöndum. Greinarhöfundur stýðst ekki við íslenskar rannsóknir en vill koma á framfæri til íslenskra uppalenda að flengingar séu ekki hentugt agatæki. Þær séu í raun gróft ofbeldi. Færð eru rök fyrir því að foreldrar eigi ekki að flengja börnin sín. Að lokum er staðhæft að hér á landi þyki það sem betur fer ekki sjálfsagt mál að flengja börn og því geti verið mjög erfitt að viðurkenna á sig slíkt athæfi.

Uppsetning og umfjöllun áður nefndrar greinar bendir til að viðhorfsbreyting hafi átt sér stað og minnt er á að flengingar tíðkist ekki lengur. Fagfólk byrjar þannig að flokka slíka refsingu sem ofbeldi, eða í besta lagi agatæki sem ekki beri tilætlaðan ávinning heldur leiði af sér ofbeldi. Nákvæmlega sama grein um flengingar birtist aftur í sama tímariti árið 1998 (Kristín Elfa Guðnadóttir 1998:27).

Á vefsíðunni *www.barnaland.is*, sem var opnuð í lok ársins 2000, eiga sér stað skoðanaskipti foreldra sem leita álits og upplýsinga hverjir hjá öðrum í sambandi við aga og refsingar.² Þann 16. apríl 2003 spyr Alda hvort fólki finnist rétt að rassskella börn sem brúki munn við fullorðna. Sama dag og þann næsta fær Alda 25 svör, flest frá reiðum mæðrum. Nær allar eru á einu máli um að rassskellingar séu algjör óþarfi, auk þess að vera hreint ofbeldi og niðurlæging fyrir barnið. Það sem vekur athygli er að nokkrar mæðranna segjast sjálfar hafa verið rassskelltar sem börn og örfáar þeirra segjast hafa rassskellt eigin börn. Ein mæðranna setur svolítinn pipar í munninn á stráknum sínum þegar hann brúkar munn eða bítur önnur börn. Það telur önnur móðir jafnmikið ofbeldi og rassskelling.

Þann 17. apríl 2003 skrifar Alda aftur inn á spjallrásina og rökstyður mál sitt. Hún segist hafa verið rassskellt af föður sínum fyrir að brúka munn við hann og slegin utan undir af móður sinni fyrir að segja henni að halda kjafti. Alda segir að sér hafi fundist að hún ætti þessa hirtingu fyllilega skilið. Henni finnst krakkar í dag komast upp með slæma framkomu við foreldra sína og telur að börn hafi ekkert vont af smá rassskellingum. Slíkt sé ekki ofbeldi. Hugsanlega sé hún gamaldags en vegna eigin reynslu finnst henni ekkert að því að óþekk börn fái smá skell á bossann.

Skrif Öldu ollu miklu fjaðrafoki og fær hún ráðleggingar um hvernig hægt sé að refsa barni fyrir óþekkt á annan hátt en með rassskellingu. Meðal þeirra aðferða sem nefndar eru er uppeldisaðferð sem heitir Töfrar 1-2-3. Mæður sem hafa reynt hana segja að hún virki vel. Aðferðin felur í sér að vara barnið við ef það hegðar sér ekki vel og gefa því tvö tækifæri á að hætta tiltekinni óþekkt.

Ef foreldri nær að telja upp að þremur án þess að barnið hætti að hegða sér illa er það látið sitja eitt á stól, t.d. inni á salerni, í jafnmargar mínútur og það er gamalt, þ.e. fjórar mínútur fyrir fjögurra ára gamalt barn. Þegar barnið er búíð að sitja sinn tíma er refsingin yfirstaðin. Það á ekki að ræða meira um atvikið, þar sem börn eiga oft erfitt með að skilja flóknar útskýringar fullorðinna á því hvers vegna það eigi ekki að hegða sér á tiltekinn hátt.³ Þessi uppeldisaðferð segja mæðurnar að dugi vel og mæla eindregið með henni. Að lokum skrifar Alda þann 22. apríl 2003: „Rólegar með æsinginn stelpur, ætlaði ekki að skapa nein leiðindi með því að spyrja um álit ykkar á þessu máli.“

Á www.barnaland.is birtist seinna grein sérfræðings með ráðleggingum til foreldra um flengingar.⁴ Þar kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að líkamleg refsing valdi skömum og tortryggni hjá barninu í stað þess að byggja upp sjálfstæði og sjálfsöryggi þess, líkt og um ofbeldi væri að ræða. Lesendum Barnalands var því ráðlagt að rasskella ekki börn sín.

Flengingar þykja augljóslega gamaldags aðferð við að refsa barni og eru ekki viðurkennd uppeldisaðferð meðal (ungra) foreldra. Það örlar þó á þeirri réttlætningu að viðkomandi móður, sem var rassskellt sem barn, hafi ekki orðið meint af og því ætti að vera í lagi að beita aðferðinni. Uppeldisaðferðin Töfrar 1-2-3, sem felur í sér einvist, virðist nú njóta vinsælda hjá foreldrum. Engin mæðranna á spjallrásinni gaf í skyn að slík aðferð gæti verið niðurlægjandi fyrir barnið, en hún minnir óneitanlega á „gamla“ skammarkrókinn.

Grýla

Það eru ekki bara flengingar sem eru ekki lengur viðurkenndar sem heppilegt uppeldistæki. Það þykir í vaxandi mæli óviðeigandi og jafnvel skaðlegt að hræða börn til hlýðni með Grýlu.

Þau hjónakornin Grýla og Leppalúði eru gamlar þjóðsagnapersónur. Æsku Íslands hefur ætíð staðið meiri stuggur af Grýlu en maka hennar og hefur hún verið notuð öldum saman til að fá börn til að haga sér vel. Hjónakornanna er fyrst getið á 13. öld í Íslendinga sögu og Sverrissögu (Terry Gunnell 2003). Synir þeirra, jólasveinarnir, koma þó fyrst til sögunnar á 17. öld og voru þá illir viðureignar. Þau hjónin Grýla og Leppalúði voru talin til tröllla og er heitið Grýla á meðal tröllkvennaheita í Snorra-Eddu. Í Sturlungu er orðið Grýla einnig notað um tröllkonu eða óvætt sem öðrum stendur ógn af. Mannætur voru þau bæði, eins og önnur tröll. Þau sóttust fyrst og fremst eftir börnum en þáðu þó

einnig þá sem fullvaxnir voru. Grýla birtist fyrir jólin og át óþekk börn en gat hins vegar ekkert gert við börnin ef þau voru góð og þæg.

Á síðustu árum hefur verið gerð tilraun til að deyða Grýlu eða þá að henni hefur verið gefin ný ímynd.⁵ Þannig hefur Grýla birst sem fyrirmynd annarra kvenna og kvenskörungur, sem hjálpar þeim sem minna mega sín og berst gegn kúgun. Þá hefur henni einnig verið lýst sem aldraðri einmana konu sem fellur illa að samtímanum. Þórarinn Eldjárn (1992) ætlar Grýlu heldur meira frumkvæði og aðlögunarhæfni. Grýla og Leppalúði fara í endurmenntun í sínu fyrra fagi, eða eins og segir í ljóði Þórarins „Grýla og Leppalúði“:

*Í Háskólann þau héldu inn
er höfðu klárað öldunginn.
Innrituð þau eru bæði
í uppeldis- og kennslufræði.*

Hvað er nú til ráða fyrir unga foreldra sem vilja ala börnin sín upp í góðum siðum?



Forvarnir

Ljóst er að ungir foreldrar nú á dögum sækja ekki eins mikið af upplýsingum um uppeldi barna sinna til eldri kynslóða og áður var. Nú til dags leitar fólk sem er að stofna fjölskyldu gjarnan upplýsinga í fræðsluritum og handbókum og hjá jafnöldrum. Veraldarvefurinn er líka uppspretta upplýsinga fyrir unga foreldra og þar má einnig skoða viðhorf þeirra til uppeldis og refsinga. Allir sem vinna

með börnum og fjölskyldum standa því frammi fyrir nýjum áskorunum þegar kemur að því að styrkja forvarnir gegn heimilisofbeldi gegn börnum.

Athyglisverð rannsókn í Svíþjóð sýnir að líkamlegar refsingar sem börn sættu voru mjög almennar eftir miðbik síðustu aldar áður en lög bönnuðu slíkt (Hindberg 2001).⁶ Algengast var að börn á aldrinum átján mánaða til sex ára sættu slíkum refsingum og mest við fjögurra ára aldur. Endurteknar líkamlegar refsingar voru algengastar við átján mánaða aldur. Var allt að helmingur allra barnanna barinn af móður á hverjum degi en feður beittu slíkum aðferðum miklu sjaldnar. Kom í ljós að mæður sem höfðu orðið fyrir þessari reynslu beittu börn sín slíkum refsingum í ríkara mæli en feður. Rannsóknir í öðrum löndum styðja þessar niðurstöður. Aldur barna sem eru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi er þó breytilegur eftir menningarsvæðum (Krug o.fl. 2002:66). Alvarlegasta ofbeldið gegn börnum er þó talið eiga sér stað fyrir þriggja ára aldur (Rubin o.fl. 2001). Engar sambærilegar rannsóknir eru til hér á landi.

Fyrsta stigs forvarnir fela í sér að koma í veg fyrir að heimilisofbeldi gegn börnum eigi sér stað.⁷ Mæðravernd og ung- og smábarnavernd á Íslandi geta gegnt mikilvægu hlutverki í ljósi niðurstaðna framangreindra rannsókna.⁸ Þjónustan er veitt á öllum heilsugæslustöðvum landsins, þátttaka er almenn og foreldrum að kostnaðarlausu. Í ung- og smábarnavernd koma hjúkrunarfræðingar í reglulegar heimavitjanir strax eftir fæðingu. Foreldrar koma síðan með barn sitt í reglulegar skoðanir til hjúkrunarfræðings og læknis á heilsugæslustöð og þar er fylgst með þroska og vexti barnsins og viðeigandi fræðsla veitt. Erlendar rannsóknir sýna að fræðsla og annar stuðningur sem veittur er við heimavitjanir getur verið mikilvægt framlag til að koma í veg fyrir að heimilisofbeldi eigi sér stað (Krug o.fl. 2002:70-71, Rubin o.fl. 2001). Slíkur stuðningur verður þó að vera markviss og starfsfólk sérstaklega þjálfað ef von á að vera um árangur (Chaffin 2004).

Starfsfólk ung- og smábarnaverndar hefur bent á að skortur sé á heppilegu fræðsluefni fyrir foreldra um aga og uppeldi. Miðstöð heilsuverndar barna vinnur nú að verkefninu *Agi til forvarna—uppeldi sem virkar í samvinnu við hóp hjúkrunarfræðinga sem starfa við ung- og smábarnavernd á höfuðborgarsvæðinu*. Auk stuðnings Heilsugæslunnar í Reykjavík og nágrenni hefur verkefnið fengið fjárhagslegan stuðning frá forvarnarsjóði Áfengis- og vímuvarnarráðs, fjölskylduráði félagsmálaráðuneytisins, félagsmálaráði Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborg. Allir foreldrar fá nú bækling með minnispunktum sem gott er að hafa í huga við uppeldi barna (Gyða Haraldsdóttir 2003). Þýðing og útgáfa bókarinnar *Uppeldisbókin: að byggja upp færni til framtíðar* á Íslandi er

einnig ein afurð þessa starfs (Christophersen og Mortweed 2004). Auk þess hafa verið haldin námskeið um aga og uppleði fyrir heilbrigðisstarfsfólk og foreldranámskeið þróuð með viðeigandi fræðsluefni. Einnig eru skipulögð sérstök leiðbeinendanámskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og annað fagfólk sem hefur áhuga á að gerast leiðbeinendur á slíkum námskeiðum. Æskilegt er að bjóða öllum foreldrum slík námskeið við fæðingu barns og að þátttaka í þeim verði jafn sjálfsgöð og nú er reyndin með aðra þjónustu ung- og smábarnaverndar. Ef slík námskeið eru ekki ókeypis er hætta á að fræðslan nái ekki til þeirra sem ef til vill hefðu mest gagn af henni.

Grunn- og framhaldsskólar landsins gætu frætt unglinga um vöxt og þroska barna og umönnun þeirra og aukið þannig færni þeirra sem verðandi foreldra (Þorgerður Ragnarsdóttir o.fl. 2003:42). Mætti tengja slíka fræðslu verklegri kennslu í leikskólum og öðrum stofnunum sem vinna með börnum (Krug o.fl. 2002:70). PMT-foreldrafærni er nýlegt samstarfsverkefni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi og Félagsþjónustu Hafnarfjarðar (Margrét Sigmarsdóttir 2001). Það er ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika á leik- og grunnskólaaldri og styður á þann hátt fyrsta stigs forvarnir gegn ofbeldi.

Mikilvægt er að hafa í huga að rót heimilisofbeldis gegn börnum er ekki einungis spurning um uppleði barna. Foreldrar þurfa sumir hverjir að læra að hafa stjórn á skapi sínu og atferli í samskiptum við börn sín. Rannsóknir sýna að foreldrum sem eiga t.d. við geðræn vandamál og áfengis- og vímuefnaneyslu að stríða sé hættara við að beita börn sín ofbeldi en öðrum foreldrum (Krug o.fl. 2002:66-69, Windham 2004). Aðrir áhrifaþættir eru m.a. félags- og efnalegar aðstæður foreldra og stuðningur stjórnvalda við barnafjölskyldur. Því þarf að styrkja þær stofnanir samfélagsins sem vinna að þessum málefnum, efla löggjöf og auka almenna umræðu.

Annars stigs forvarnir fela í sér að stemma stigu við því ofbeldi gegn börnum sem á sér stað innan veggja heimilisins og hraða úrlausn ef grunur um ofbeldi vaknar. Aukin fagleg færni heilbrigðisstarfsfólks, kennara og annarra sem vinna með fjölskyldum innan félagsþjónustu og barnaverndarnefnda er mikilvægur liður í annars stigs forvörnum. Má hér nefna betri þekkingu á einkennum heimilisofbeldis gegn börnum og þjálfun í samtalstækni. Þegar grunur vaknar um ofbeldi er mikilvægt að koma málum barnanna í heppilegan farveg með skjóta niðurstöðu sem markmið, enda andleg heilsa og þroski þeirra í hættu. Aukinn stuðningur við fjölskyldur þessara barna er æskilegur og gæti m.a. falið í sér reglulegar heimsóknir á heimilið til að styrkja innviði fjölskyldunnar

og umönnun barnanna (Rubin o.fl. 2001). Einnig mætti gefa foreldrum, sem sannanlega hafa beitt barn sitt ofbeldi, kost á sérstökum námskeiðum sem hefðu það að markmiði að koma í veg fyrir það neyðarúrræði að svipta þá forræði barnsins. Samtímis væru barninu tryggð örugg uppvaxtarskilyrði.⁹

Þriðja stigs forvarnir fela í sér að lina þjáningar og auka lífsgæði þeirra barna sem orðið hafa fyrir alvarlegu og síendurteknu ofbeldi. Getur það m.a. falist í því að taka umráðaréttinn yfir barninu frá foreldrunum og vinna með barninu til að það nái sem mestum bata og hljóti ekki langvarandi mein af ofbeldinu. Jafnframt þessu er fjölskyldunni veitt nauðsynleg aðstoð. Þarf að styrkja starf allra þeirra sem vinna með börnum sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi og skapa aðstæður sem gefa foreldrum og börnum möguleika á að ná eins góðum bata og mögulegt er og hjálpa þeim út úr vítahring ofbeldis innan heimilisins.

Nýlega var gerð úttekt í Bandaríkjunum á rannsóknum um ofbeldi gegn börnum og leiðir til að vinna gegn því. Þar er bent á að sú þekking sem sé til staðar í dag endurspegli skort á heildstæðri ætlun um rannsóknir, menntun og faglegan stuðning (Melton 2002). Höfundar vara við því að ofbeldi gegn börnum falli eingöngu undir verksvið félagsþjónustunnar og beinist mest að lagalegum hliðum vandamálsins. Það sem skorti sé aukin áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og rannsóknir á þeim. Athygli er vakin á að lítið sé vitað um reynslu og hugsanir þeirra sem beiti börn ofbeldi.

Það er greinilegt að hugmyndir um uppeldisáðferðir hafa breyst verulega á undanförunum áratugum hér á landi, sérstaklega hvað varðar beitingu líkamlegra refsinga. Þó er ekki mikið vitað um hvaða leiðir íslenskir foreldrar nota í dag til að kenna börnum sínum æskilega hegðun og hvaða viðurlögum þeir beita þegar þurfa þykir. Höfundar hafa unnið að undirbúningi rannsóknar um hugmyndir Íslendinga um refsingar á Íslandi nú til dags. Rannsóknin hefur verið samþykkt af Vísindasiðanefnd og Persónuvernd.¹⁰ Sérstaklega er ætlunin að skoða hugmyndir mismunandi kynslóða um refsingar, m.a. hvort og þá hvaða refsingar geti talist réttmætar. Eigindleg viðtöl verða tekin við einstaklinga sem eru 18 ára og eldri, af báðum kynjum og með búsetu í dreifbýli og þéttbýli.

Undirbúningur fyrir framangreinda rannsókn hefur falist í viðtölum við rúman tug einstaklinga, auk þess sem höfundar hafa átt óformlegar viðræður við fjölda manns um málefnið. Viðtölin benda til þess að flestir sem komnir eru yfir þrítugsaldur hafi verið flengdir sem börn, sumir nokkuð reglulega. Skammarkrókur eða einhver afvikinn staður hefur einnig verið vinsæll hjá foreldrum og öðrum uppalendum til að ná tókum á ungvíðinu. Í viðtölunum

kemur fram að algengt var að mæður beittu refsingunum, enda feður oft fjarverandi við vinnu. Þó var algengt að beita hótunum, t.d. að þau myndu sæta harðri refsingu af hendi föður þegar hann kæmi heim. Þá virðast slysavarnir áður fyrr hafa verið eitt hlutverka Grýlu og minnst margir þess að hafa verið hræddir með henni, tröllum, skrímslum, fjörulöllum eða öðrum illum verum til að halda þeim frá hættulegum stöðum, t.d. hafinu, vötnum og klettum. Fæstir viðmælenda telja að þeir hafi hlotið skaða af þeim refsingum sem þeir voru beittir, hvort sem um var að ræða líkamlega refsingu, hótanir eða hræðslu. Þó myndu þeir sjálfir í dag ógjarnan beita slíkum refsingum. Einstaka viðurkenna þó að hafa beitt þeim að einhverju leyti á eigin börn en telja þó aðrar refsingar eða uppeldisaðferðir vera heppilegri. Líkamlegar refsingar virðast ekki vera algengar meðal yngri viðmælenda. Nokkuð er um að börn séu hrædd og ýmiss konar hótanir eru algengar. Einvist virðist einnig njóta vinsælda sem uppeldisaðferð.

Aukin tilhneiging er til að leggja áherslu á agaleysi æskunnar. Sem dæmi má nefna að í umræðum um frumvarp til laga um ný barnalög á Alþingi árið 2002 sagði einn þingmanni að sér fyndist vanta í lagafrumvarpið skyldur á hinn aðilann, þ.e. barnið. Hann segir:

Ég vil nefnilega setja inn í þessi lög, ... að börnum beri að hlíta reglum foreldra sinna og hlýða foreldrum sínum ... Þetta er sjálfsagt ákvæði, ... Agaleysið í skólum er ekki vegna annars en þess að börn hafa ekki lært að hlýða. Og það er sjálfsagt að barn hlýði foreldrum sínum ... það er öllum til góðs, alveg sérstaklega barninu ... Þess vegna vil ég að nefndin setji inn í frv. að barni beri að hlýða foreldrum sínum og hlíta settum reglum þeirra.¹¹

Spurning foreldra nú á tímum virðist því vera sú sama og foreldra fyrri alda, þ.e. hvernig hægt sé að veita börnum sem best uppeldi en nokkur ágreiningur getur verið um aðferðirnar.

LOKAORÐ

Í þessari rannsókn hefur verið dregin upp mynd af viðhorfum íslensks samfélags til heimilisofbeldis gegn börnum og refsinga í sögulegu samhengi, að kynferðislegu ofbeldi undanskildu. Meginþáttum löggjafar sem varða réttarstöðu barna hefur verið lýst og gerð grein fyrir umræðu fagfólks, fræðimanna og annarra um viðfangsefnið.

Söfnun gagna hefur falist í því að kanna ritaðar, íslenskar heimildir og niðurstöður rannsókna um heimilisofbeldi gegn börnum, hugmyndir um uppeldi barna, refsingar og samskipti foreldra og barna. Stuðst er við sögulegar heimildir, rannsóknir sagnfræðinga og fagfólks um börn, lokaritgerðir á háskólastigi og aðra almenna umfjöllun. Greint er frá erlendum heimildum að svo miklu leyti sem þær varpa ljósi á umræðu um málið hér á landi.

Andlegt og líkamlegt ofbeldi eru hugtök sem erfitt er að skilgreina. Oft gætir misræmis meðal fagfólks, fræðimanna og almennings um það hvaða atferli beri að flokka sem ofbeldi. Þá eru skil refsinga og ofbeldis ekki alltaf augljós. Beiting refsinga eða viðurlaga hefur löngum tíðkast sem uppeldisaðferð. Sumir telja að refsing feli ætíð í sér ofbeldi þar sem hún sé í eðli sínu valdbeiting sem gerandi beiti viljandi og með fullri yfirsýn. Aðrir benda á að refsing geti falið í sér valdbeitingu sem þurfi þó ekki að vera ofbeldisfull en hafi það að markmiði að kenna barninu ákveðna hegðun.

Andstætt fyrri rannsóknum á bernskunni og börnum leggja nýlegar rannsóknir innan félags- og hugvísinda áherslu á að skoða börn sem virka þátttakendur og leitast er við að fá fram sjónarhorn þeirra sjálfra. Áhersla er lögð á að hugtakið bernska sé menningarlega skapað og breytilegt eftir tíma og samfélögum. Sama gildir um hverjir teljist vera börn. Sagnfræðingar benda á að saga bernskunnar, þ.e.a.s. hvaða skilning ákveðið samfélag leggi í hugtakið bernska á ákveðnum sögulegum tíma, sé auðveldari viðfangs en saga barnsins.

Staða barna allt frá upphafi Íslandsbyggingar fram á 18. öld hefur ekki verið rannsökuð sem skyldi. Mjög áhugaverðar rannsóknir sagnfræðinga varpa aftur á móti ljósi á líf barna á 18. og 19. öld. Síðastliðna tvo áratugi hefur umræða á sviði félags- og heilbrigðisvísinda um heimilisofbeldi gegn börnum fengið meira

rými en áður. Auk þessa hefur töluvert verið skrifað á síðastliðnum áratug um börn almennt og ofbeldi gegn þeim í lokaritgerðum frá háskólum landsins. Þar sem skortur er á frumrannsóknnum á ofbeldi gegn börnum á Íslandi byggja höfundar gjarnan skrif sín og kenningar á erlendum rannsóknum og skoða eigin reynslu af vinnu með fórnarlömbum ofbeldis í ljósi þeirra.

Áreiðanleiki Íslendinga sagna hefur verið umdeildur en þær geyma engu að síður ákveðna mynd af því samfélagi sem lagði grunninn að byggð á Íslandi. Í Íslendinga sögum eru notuð önnur orð yfir líkamlegar og andlegar refsingar og uppeldi barna en þau sem tíðkast nú á tímum. Orðið barn hefur þrengri merkingu og vísar nánast eingöngu til ungbarna og skil barna og fullorðinna eru ekki ljós. Þó fengu börn ákveðnar lagalegar skyldur við tólf ára aldur. Lýsingar Íslendinga sagna á aðstæðum barna eru breytilegar. Þær sýna á stundum mikið ofbeldi og grimmd gagnvart börnum en einnig að virðingarvert þótti að refska ekki ávallt börnum með líkamlegu ofbeldi.

Útburður ungbarna tíðkaðist frá upphafi Íslandsbyggðar og hélst síðurinn við lengi fram eftir öldum. Ástæður útburðar virðast hafa verið efnahagslegar en ætla má að harkalegar refsingar við barneignum utan hjónabands hafi einnig leitt til dulsmála. Útflutningur íslenskra barna til Englands á 15.-16. öld tengdist að einhverju leyti verslun og viðskiptum með börn. Auk þess voru börn send í fóstur eða læri eða komið fyrir vegna fátæktar hjá vandalausum sem ómagar eða niðursetningar. Deilt er um hvort foreldrar hafi með þessu sýnt ástleysi gagnvart börnum sínum eða hvort þeim hafi þvert á móti verið annst um framtíð þeirra.

Sagnfræðingar eru ekki sammála um hvaða viðhorf hafi verið ríkjandi til barna á 18. og 19. öld og hvernig uppeldi þeirra hafi verið háttað. Reyndar er það almenn skoðun að erfið lífsskilyrði, fátækt, farsóttir og eldgos hafi haft áhrif á lifnaðarhætti Íslendinga og að börn hafi þar ekki verið undanskilin. Hafa sagnfræðingar einnig velt því fyrir sér hvort rekja megi hinn mikla barnadauða, sem einkenndi fyrri tíma hér á landi sem erlendis, til illrar meðferðar á ungbörnum. Ungbarnadauðinn hér á landi var meiri en í nágrannalöndunum og í vondu árferði dóu allt að tvö af hverjum þrem lifandi fæddum börnum á fyrsta aldursárinu.

Hugmyndir um refsingar barna innan íslenska bændasamfélagsins á 18. og 19. öld endurspeglast best í „Tilskipan um húsagann á Íslandi“ sem birtist í lögum árið 1746. Húsagatilskipunin markar tímamót í lagasetningu um uppeldi barna sem þar með varð viðfangsefni löggjafans. Er ljóst að víða hefur barnauppeldi verið strangt og lögbundin skylda að refska börnum ef eitthvað bar út af. Margt bendir til þess að líkamlegar refsingar, eins og flengingar, hafi þótt

sjálfsagt ögunartæki vel fram yfir miðja 20. öld. Nú á tímum þykja flengingar ekki viðeigandi aðferð til að refsa börnum. Ekki þykir heldur heppilegt að hræða þau til hlýðni með Grylu. Ungir foreldrar sækja ekki eins mikið af upplýsingum um uppeldi barna til eldri kynslóða og áður var. Þess í stað er upplýsinga leitað á veraldarvefnum, meðal jafnaldra í svipaðri stöðu og svo í ýmiss konar fræðsluefni, t.d. í hefðbundinni ung- og smábarnavernd. Virðast uppeldisaðferðir sem fela í sér að athygli er tekin frá barninu eða að barnið er tekið frá einhverju sem því finnst gaman að, svokölluð einvist, njóta aukinna vinsælda hjá foreldrum.

Í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar fékk ofbeldi gegn börnum innan veggja heimilisins vaxandi athygli erlendis. Í fyrstu var talið að slíkt ofbeldi væri óverulegt hér á landi enda voru fá skráð tilfelli um misþyrmingar á börnum. Ástæður þessa voru álitnar að hér á landi væru meiri félagsleg samskipti og sterkari fjölskyldu- og vinatengsl en erlendis. Það var þó fyrst á áttunda áratugnum sem hið dulda ofbeldi, sem á sér stað í einkalífínu og samskiptum nákominna fékk aukið svigrúm í almennri umfjöllun hér á landi.

Rannsóknir sýna að margvíslegir þættir eru taldir auka líkur á að börn verði fyrir ofbeldi. Geðræn vandamál, þunglyndi, áfengis- og vímuefnaneysla, auk hjónabandsörðugleika foreldra, eru oft talin vera orsök þess að barn sé beitt ofbeldi, sér í lagi ef foreldrið hefur sjálft verið beitt ofbeldi í æsku. Þættir sem varða barnið sjálft eru t.d. veikindi, misþroski og félags- og efnahagslegar aðstæður þess. Þá sýna rannsóknir að afleiðingar ofbeldis gegn börnum geta verið margvíslegar og alvarlegar, t.d. lágt sjálfsmat, kvíði, þunglyndi, sjálfsvíg, áfengis- og fíkniefnanotkun, hegðunarvandi og afbrot. Umfjöllun fagfólks á síðustu áratugum ber með sér að hugtakið heimilisofbeldi er gjarnan takmarkað við að karlmaðurinn sé gerandinn, konan fórnarlambið og barnið vitni. Þó benda rannsóknir til þess að mæður séu jafnvel oftár en feður gerendur þegar barn er beitt ofbeldi.

Rannsóknir sem varpa ljósi á eðli og umfang heimilisofbeldis gegn börnum á Íslandi eru fáar og engin þeirra skipulögð með það að markmiði. Við vitum því lítið um eðli og umfang slíks ofbeldis á Íslandi. Enn síður vitum við um tíðni þess meðal aldurshópa en erlendar rannsóknir sýna að þar er nokkur munur og mest um slíkt meðal yngri barna. Vitneskja um hverjir séu gerendur er einnig takmörkuð. Enn minna er vitað um umfang og eðli andlegs ofbeldis en þess líkamlega. Við vitum t.d. lítið um upplifun barna af höfnun, hræðslu og hótunum. Nú á tímum eru hótanir flokkaðar sem mun alvarlegra atferli en áður var og geta þær jafnvel verið refsiverðar.¹


Líkamlegar refsingar foreldra á börnum sínum voru bannaðar með lögum í Svíþjóð árið 1979, og voru það fyrstu lög sinnar tegundar í heiminum. Allt frá þessari lagasetningu hafa viðhorf Svía breyst þannig að nú telja nánast allir, börn sem fullorðnir, að líkamlegar refsingar eigi ekki rétt á sér. Síðan þá hafa tíu lönd bannað líkamlegar refsingar á börnum með sérstakri löggjöf. Ísland hefur tilheyrt þessum hópi landa síðan 1. nóvember 2003.

Þrátt fyrir löggjöf um aukin réttindi barna þykir umboðsmanni barna og fagfólki mikið ógert þegar kemur að því að stemma stigu við ofbeldi gegn börnum. Sú hugmynd að börn séu eign foreldra sinna og að það sem gerist innan heimilisins sé einkamál leiðir gjarnan til þess að ákvæðum um tilkynningarskyldu stofnana og almennings hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Þá hefur heilbrigðisstéttum, sem bundnar eru þagnarskyldu, fundist erfitt að sinna samtímis tilkynningarskyldu. Óskýrt skilgreiningakerfi barnaverndarnefnda auðveldar heldur ekki meðferð slíkra mála. Loks ber að nefna að stofnanir sem hafa það hlutverk að vinna úr tilkynningum sem berast ná ekki að sinna nema litlum hluta þeirra. Greinilegt er þó að viðeigandi stofnanir og starfsstéttir eru meðvitaðar um vandann og vinna að úrbótum. Sérstaklega þarf að bæta samræmda skráningu á ofbeldi gegn börnum um land allt og efla stuðning við börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Gæta þarf þess á öllum stigum, frá rannsókn til meðferðar, að huga að líðan og þroska barnsins og að valda því ekki ónauðsynlegu álagi eða jafnvel skaða.

Hér á landi þarf að efla forvarnastarf á öllum stigum þess ef koma á í veg fyrir ofbeldi gegn börnum og lina þjáningar þeirra sem fyrir því verða. Fyrsta stigs forvarnir, þ.e. að koma í veg fyrir ofbeldið, er m.a. hægt að efla með löggjöf, fjárhags- og efnahagslegum stuðningi við barnafjölskyldur og öflugu heilsugæslu- og skólastarfi, þ.m.t. í leikskólum. Foreldrar þurfa auk þess að hafa auðveldan aðgang að fræðsluefni og námskeiðum sér til stuðnings við barnauppleidið. Annars stigs forvarnir er hægt að efla með betri þekkingu fagfólks sem vinnur með börnum og fjölskyldum á eðli og einkennum heimilisofbeldis gegn börnum og hvernig úrvinnslu slíkra mála er háttað. Við þriðja stigs forvarnir er áherslan á meðferð þeirra barna og fjölskyldna þar sem ofbeldi hefur viðgengist. Stjórnvöld og allir sem vinna með börnum og fjölskyldum þurfa því að stilla saman strengi sína svo börn sæti ekki ofbeldi innan veggja heimilisins og fái nauðsynlegan stuðning.

Það er ljóst að hugmyndir um börn og staða þeirra breytist í tímans rás, bæði hér á landi og erlendis. Einnig breytast hugmyndir um hvað sé heppilegt uppeldi. Ekki er langt síðan það þótti ekkert „eðlilegt“ að flengja börn á

Íslandi. Aðferðir sem byggjast á því að höggva, hýða, hirta, hæða, hóta, hafna, hrista eða hræða eru nú til dags ekki aðeins taldar vera óheppilegar, heldur geta þær verið refsiverðar samkvæmt núgildandi lögum. Ýmsar leiðir til að beita börn viðurlögum í uppeldisskyni njóta vaxandi vinsælda og er mikilvægt að hafa í huga hvort slíkar aðferðir geti falið í sér höfnun og vakið upp hræðslu. Eins er margt sem bendir til þess að, nú sem áður fyrr, sé börnum oft hótad en við vitum lítið um umfang og eðli slíkra hótanna. Því er mikilvægt að efla enn frekar umræðu um heimilisobeldi gegn börnum. Það þarf að styrkja rannsóknir á umfangi og eðli slíks ofbeldis og efla þær stofnanir samfélagsins sem hafa það hlutverk að sinna velferð barna.



NEÐANMÁLSGREINAR

Inngangur

- ¹ Sjá Guðrúnu Ágústsdóttur (1997), Ómar Smára Ármannsson (1994), Barböru Björnsdóttur (1999), Dómsmálaráðuneytið (1997), Félagsmálaráðuneytið (2001), Guðrúnu Margréti Guðmundsdóttur (2001), Brynjólf Mogensen (2002), Guðrúnu Þórdísi Ingólfssdóttur (2003) og Guðrúnu Karlsdóttur (2000)
- ² Sjá Ásdísi Eydal og Sóleyju Ásta Karlsdóttur (2002), Hörð Þorgilsson og Jakob Smára (1993), Freydísi Jónu Freysteinsdóttur (2000, 2003), Garðar Gíslason o.fl. (1995), Hafdís Guðmundsdóttur (1999), Ástu Krístrúnu Ólafsdóttur (2003b), Hrefnu Ólafsdóttur (1994), Álfheiði Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal (1995).
- ³ Sjá Félagsmálaráðuneytið (1993:16). Á ráðstefnu um ofbeldi í fjölskyldum sem félagsráðgjafadeild Kleppsspítala gekkst fyrir árið 1979 leggur Sigrún Júlíusdóttir (1979a:14-17) áherslu á mikilvægi þess að afla upplýsinga um eðli og útbreiðslu ofbeldis gegn börnum. Hún skilgreinir eðli ofbeldis gegn börnum sem það ofurefli, sem sá sterkari beiti þann sem er veikari.
- ⁴ Samkvæmt Christophersen og Mortweed (2004:88) felur einvist í sér að barnið er tekið frá einhverju sem því finnst gaman að. Mælt er með að nota einvist við uppeldi barna frá u.þ.b. sjö mánaða aldri til átta eða níu ára aldurs. Forréttindi fela í sér „eithvað sem barnið heldur upp á eða langar í umfram grundvallar þarfir sínar“ (2004:97).
- ⁵ Einn höfunda (Geir Gunnlaugsson) var fulltrúi Íslands í vinnuhópnum.
- ⁶ Í Bretlandi er deilt um hvort setja skuli lög sem banni líkamlegar refsingar á börnum (Guardian Unlimited 2004). Forsætisráðherra, Tony Blair, sem sjálfur hefur viðurkennt að hann löðrungi börn sín, telur slík lög ekki vera æskileg (Hall 2003, Womack 2002).
- ⁷ Í Bandaríkjunum hefur orðið hliðstæð þróun, en þó verulega hægar en í Svíþjóð. Áætlað er að um 99% allra barna hafi verið slegin af foreldrum sínum um miðja síðustu öld og að enn hafi slíkt átt sér stað í 97% tilvika árið 1975 (Straus o.fl. 1997). Samtök sálfræðinga og barnalækna í Bandaríkjunum hafa lýst andstöðu sinni við líkamlegar refsingar, en rannsóknir sýna að allt að 80% foreldra slái börn sín einhvern tíma (Christophersen og Mortweed 2004).

- ⁸ Sjá Símon J. Jóhannsson og Bryndísi Sverrisdóttur (1990). Sagnfræðingar vilja marka þessi skil við samfélagsgerðina frekar en líffræðilegan þroska.
- ⁹ Sjá Símon Jóh. Ágústson 1979, Sólveigu Ásgrímsdóttur (1990, 1991), Bergljótu Baldursdóttur (1987), Berghildi Bernharðsdóttur (2001), Sigríði Hrönn Bjarnadóttur (1997), Hinrik Bjarnason (1979), Freydísi Jónu Freysteinsdóttur (2003), Theodór Friðriksson (2002), Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur (1986), Garðar Gíslason o.fl. (1995), Ingólf V. Gíslason (1997), Sigurð J. Grétarsson og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur (1993), Loft Guttormsson (1995), Braga Guðbrandsson (1995), Björk Guðjónsdóttur og Þóru Björnsdóttur (1996), Huldu Guðmundsdóttur (1990), Kristínu Elfu Guðnadóttur (1993), Vilborgu G. Guðnadóttur (1998), Jónas G. Halldórsson o.fl. (1993), Borghildi Maack o.fl. (1986), Unni Ingólfssdóttur (1986), Helgu Hannesdóttur (1979), White (2000), Sigrúnu Júlíusdóttur (1979), Ásgeir Karlsson (1971), Hildigunni Ólafsdóttur o.fl. (1982), Hrefnu Ólafsdóttur (1994), Katrínu Pálsdóttur (2002), Gunnar Sandholt (1986), Aðalstein Sigfússon (1987), Álfheiði Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal (1995) og Karl Steinar Valsson (1995).
- ¹⁰ Sjá Barböru Björnsdóttur (1999), Ásdísi Eydal og Sóleyju Ásta Karlsdóttur (2002), Elsu F. Eðvarðsdóttur o.fl. (1984), Hafdísi Guðmundsdóttur (1999), Sigríði Maríu Jónsdóttur (1998), Sigrúnu Júlíusdóttur (1979), Lindu Nábye o.fl. (2001), Önnu Sveinsdóttur (1994), Sigríði Ernu Sverrisdóttur (1991) og Önnu Björgu Thorsteinson (1999).
- ¹¹ Sjá Ásdísi Pétursdóttur og Ester Ósk Ármannsdóttur (2000), Ólöfu Berglindi Halldórsdóttur (1999), Guðlaugu Hilmarsdóttur (1998), Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur (1991) og Önnu Sveinsdóttur (1994).
- ¹² Sjá DeLoache og Gottlieb (2000), Jónínu Einarsdóttur (2004a), LeVine o.fl. (1994), Poluha o.fl. (2000). Algennt er að ákveðnar hugmyndir um börn og hvernig þau læri og þroskist hafi áhrif á uppeldisaðferðir, en þó er ekki sjálfgefið að svipaðar hugmyndir leiði til sömu uppeldisaðferða (Jónína Einarsdóttir 2001). Á Tongaeyjunum og í Gapunþorpi á Nýju Gíneu býr fólk sem telur börn vera dutungafull og ákveðin. Íbúar Tongaeyja bregðast við með ströngum aga og börnum er refsað harkalega þegar þau hlýða ekki eða brjóta af sér (Morton 1996). Íbúar Gapunþorps líta hins vegar svo á að vegna þrjúsku og vanþroska barna sé til lítills að fást við þau og foreldrar eru eftirlátsamir við börn sín og refsingar eru fátíðar (Kulick 1992).

Börn fyrr á öldum

- ¹ Mannfræðinga greinir á um eðli móðurumhyggjunnar og áhrif fátæktar á hana. Sjá Jónínu Einarsdóttur (2004a), Hrdy (1999) og Scheper-Hughes (1992).
- ² Ein meginástæða umræðu um sannleiksgildi Íslendinga sagna er að þær eru álitnar skrifaðar miklu seinna en þær eiga að hafa gerst. Íslendinga sögur fjalla um Íslendinga á landnámsöld og söguöld (874-1050) og gerast að mestu leyti á Íslandi. Höfundar Íslendinga sagna eru óþekktir og talið er að þær séu ritaðar á tímabilinu 1200-1350.
- ³ Sjá umfjöllun um Egil Skallagrímsson og hvort hann hafi verið andfélagslegur persónuleiki á slóðinni www.fva.is/harpa/egla/egill/egillaspad.htm.
- ⁴ Sjá Brennu-Njáls sögu (1987:176-77), Egils sögu (1987:415) og Króka-Refs sögu (1987:1513, 1517).
- ⁵ Innan mannfræðinnar vitnar hugtakið *rite of passage* til vígslu eða viðhafnar sem markar breytingar á æviskeiði hópa eða einstaklinga (Gennep [1909]1960).
- ⁶ Einar Ól. Sveinsson (1954) ályktar að Brennu-Njáls saga sé samin á árabálinu 1275-1285.
- ⁷ Einar Ól. Sveinsson (1954) telur að þessir sveinar hafi verið af fátækum foreldrum sem bóndinn ól önn fyrir og hafi verið fóstursynir en ekki ómagar.
- ⁸ Anna Sveinsdóttir (1995) sækir heimildir um útburð, barnamorð og misþyrmingar í dómsskjöl. Hún lítur svo á að dómur dragi gjarnan upp mynd af tíðarandanum og endurspeglir hugmyndir yfirstéttanna og þeirra sem fóru með valdið. Dóma þessa er helst að finna í skjalasöfnum, s.s. manntölum, skjalasöfnum stiftamtanna, amtmanna og sýslumanna, einnig í annálum, Alþingisbókum og landsyfrréttar- og hæstaréttardómum.
- ⁹ Sjá Guðna Jónsson (1956).
- ¹⁰ Sjá Sigfús Sigfússon (1982).
- ¹¹ Sjá Gísla Ágúst Gunnlaugsson (1991).
- ¹² Í ritstjórnargrein í Lancet (1999) er vakin athygli á að erfitt geti verið að greina milli vöggudaða ungbarns og barnamorðs. Sjá einnig Krug o.fl. (2002:60).
- ¹³ Helgi Þorláksson (1986) rökstyður hugmyndir sínar með því að vitna til mannfræðingsins Ester Goody (1984), sem hefur rannsakað þann sið að senda börn í fóstur eða í læri, jafnvel hjá vandalausum, í Vestur-Afríku. Goody segir slíkt lýsa umhyggju foreldra fyrir börnum sínum og áhuga á að þau fái menntun sem geri þeim kleift að komast áfram í lífinu. Sjá einnig Jónínu Einarsdóttur (2004a, 2004b). Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur nýlega gefið út skýrslu um hliðstæða sölu á börnum í Afríku nú á tímum, sjá „Trafficking in human beings“

- (2003). Sjá einnig vefslóðina <http://news.bbc.co.uk/2/hi/africa/3652021.stm>, sótt 28. apríl 2004.
- ¹⁴ Dæmi um börn sem voru send í fóstur í Íslendinga sögum eru Egill Skalla-Grímsson, Njálssynir, Hallgerður langbrók og Guðný Sturludóttir.
- ¹⁵ Sjá Helga Þorláksson (1986), Ólöfu Garðarsdóttur (1998, 1999, 2000, 2002), Gísla Ágúst Gunnlaugsson (1982, 1986, 1991, 1997), Loft Guttormsson (1983, 1983, 1995), Guðmund Hálfðanarson (1986), Guðnýju Hallgrímsdóttur (2001), Símon J. Jóhannsson og Bryndísi Sverrisdóttur (1990), Moniku Magnúsdóttur (1998) og Sigurð Gylfa Magnússon (1993, 1995a, 1995b).
- ¹⁶ Sjá einnig Garðar Gíslason o.fl. (1995:29).
- ¹⁷ Tilvitnun í Jónas Jónasson (1934:272).
- ¹⁸ Loftur Guttormsson (1983b) bendir á að aginn hafi oft verið mikill við bóknám og nefnir einstök dæmi þess að börn hafi fengið óvægar refsingar, s.s. hýðingar eða kinnhest fyrir að vera ekki betri til bókar. Hann telur það þó frekar hafa tíðkast meðal alþýðufólks á 18. öld sem kunnir lítt til bókar, frekar en heldra fólks þar sem námsskilyrði voru betri. Reyndar hafi börnum þótt jafnvel erfiðara að skilja tilgang náms en vinnu þar sem lífsbjargarviðleitnin þótti sjálfsgæður hlutur.
- ¹⁹ Guðfinna Margrét Hreiðarsdóttir (1991) fjallar í lokaritgerð í sagnfræði um 28 dómsmál, sem vörðuðu ofbeldi gegn börnum, er falla undir illa meðferð, misþyrmingar og morð í Árnassýslu, Dalasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Skaftafellssýslu.
- ²⁰ Sjá Tryggva Emilsson (1976).
- ²¹ Sjá einnig Loft Guttormsson (1983) og Guðmund Hálfðanarson (1986).
- ²² Ungbarnadauði er skilgreindur sem fjöldi barna sem deyja á fyrsta aldursári af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum. Algengt er einnig að skoða dánartölur barna yngri en fimm ára af hverjum 1000 lifandi fæddum.
- ²³ Sjá einnig Ariès (1962).
- ²⁴ Sjá Pollock (1983:32-40).
- ²⁵ Um samband hugmynda um gæði brjóstamjólkur og brjóstgjafar, sjá Jónínu Einarsdóttur (1988), Geir Gunnlaugsson og Jónínu Einarsdóttur (1993) og Geir Gunnlaugsson o.fl. (1992).
- ²⁶ Sjá einnig Móniku Magnúsdóttur (1997).
- ²⁷ Sjá Ólöfu Garðarsdóttur (2002) fyrir nákvæmari tölur um ungbarnadauða.
- ²⁸ Sjá Ólöfu Garðarsdóttur (2002:152-155).
- ²⁹ Sá siður að senda börn í fóstur til skemmri eða lengri tíma tíðkast enn víða um heim og eru ástæður þess margvíslegar. Sjá Bledsoe og Isiugo-Abanihe (1989), Jónínu Einarsdóttur (2004b), Jack Goody (1977) og Ester Goody (1984).

³⁰ Sjá Tryggva Emilsson (1976) og Sæmund Stefánsson (1929). Þessar heimildir eru ósjaldan notaðar sem viðmið um illan aðbúnað og slæmt uppeldi barna á fyrri öldum í lokaritgerðum um ofbeldi á börnum.

Staða barna á 20. öld

- ¹ Sjá t.d. Eyjólf Guðmundsson (1941) og Símon J. Jóhannsson og Bryndísi Sverrisdóttur (1990).
